



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ  
FERÐAMÁLA



# Flippaðar hugmyndir sem virka

Frásagnir af Bræðslunni  
og samfélagslegum áhrifum hennar

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir

© Rannsóknamiðstöð ferðamála 2016

Útgefandi: Rannsóknamiðstöð ferðamála, Borgum v/ Norðurlóð, IS-600 Akureyri  
Sími: (+354) 460-8930  
Rafpóstur: [rmf@unak.is](mailto:rmf@unak.is)  
Veffang: [www.rmfi.is](http://www.rmfi.is)

Titill: Flippaðar hugmyndir sem virka. Frásagnir af Bræðslunni og samfélagslegum áhrifum hennar

Höfundur: Guðrún Þóra Gunnarsdóttir

Kápa: Ásprent-Stíll og Rannsóknamiðstöð ferðamála  
Prentun: Stell ([www.stell.is](http://www.stell.is))

Númer: RMF S-11-2016  
ISBN: 978-9935-437-57-0  
ISSN: 1670-8857

Forsíðumyndin er tekin á Bræðslutónleikum sumarið 2013. © Ingibjörg Torfadóttir.

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

# **Flippaðar hugmyndir sem virka**

Frásagnir af Bræðslunni og samfélagslegum áhrifum hennar

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir

## EFNISYFIRLIT

1. Inngangur .....	4
2. Narratífa sem rannsóknaraðferð .....	7
2.1 Gagnasöfnun og greining.....	9
3. Viðburðir, staðir, sjálfsmynd og byggðaþróun.....	12
4. Borgarfjörður eystri og aukið mikilvægi ferðaþjónustu.....	16
4.1 Bræðslan – „Ein lítil og klikkuð hugmynd sem varð að tærri snilld“ .....	18
5. Gagnasöfnun .....	20
6. Niðurstaða.....	22
6.1 Nýr söguþráður? .....	32
7. Umræður.....	34
8. Lokaorð .....	37
9. Heimildaskrá .....	38

## MYNDASKRÁ

Mynd 1 Þjónustuframboð á Borgarfirði eystri sumarið 2015. ....	17
Mynd 2 Þéttsetið tjaldsvæði á Bræðsluhátíð. ....	19
Mynd 3 Gamla bræðslan – vettvangur tónlistarhátíðarinnar Bræðslunnar. ....	21
Mynd 4 Tónlistarmaðurinn Jónas Sig. ....	33
Mynd 5 „Bræðslubræðurnir“ Áskell Heiðar og Magni Ásgeirssynir ásamt börnum. ....	37

# 1. INNGANGUR

Umfjöllunarefni þessarar skýrslu er narratíf<sup>1</sup> rannsókn á frásögnum fólks um tónlistarhátíðina Bræðsluna sem haldin er ár hvert á Borgarfirði eystri og hefur notið mikilla vinsælda síðasta áratuginn. Þrátt fyrir að Bræðslan sé einungis haldin eina kvöldstund í júlí þá er hún stór viðburður í litlu samfélagi. Á undanförunum árum hefur orðið mikil fjölgun í viðburðahaldi hvers konar, ekki síst á landsbyggðinni og helst þessi aukning í hendur við vaxandi mikilvægi ferðaþjónustu í byggðum landsins. Ferðaþjónusta er óumdeilanlega mikið breytingarafl í íslensku samfélagi og sú umbreyting sem á sér stað þegar staður er skilgreindur sem áfangastaður er bæði ápreifanleg (uppbygging innviða, fjölgun ferðamanna, o.s.frv.) og óápreifanleg (ímynd, orðspor, sjálfsmynd).

Samfélagsbreytingar snerta fólk á margvíslegan hátt, hver og einn á sér sína sögu, sína upplifun af því sem hefur gerst. Í frásögn reynir einstaklingurinn að færa reynslu sína í orð; segja sína sögu. Engin saga er heildstæð og engin saga greinir frá öllum hliðum málsins. En með því að hlusta á sögur ólíkra einstaklinga er hægt að þokast nær því að fá mynd af því umbreytingarferli sem á sér stað í fámennum samfélögum. Á undanförunum árum hafa fræðimenn hvatt til þess að rannsóknir á sviði ferðamála sinni fjölbreyttari viðfangsefnum en tíðkast hefur og nýti sér einnig fjölbreyttari aðferðir til þess að greina og skilja ferðaþjónustuna sem fyrirbæri (Jafari, 2007; Wilson og Hollinshead, 2015). Haustið 2014 sat ég námskeið sem kennt var á menntavísindasviði Háskóla Íslands í narratífum rannsóknaraðferðum og þar fannst mér ég loks vera búin að finna leið til þess að ná utan um viðfangsefni mitt og vera komin með rökstuðning fyrir því að taka góðan tíma í það að hlusta á fólk í hinum fámennari byggðum með það að markmiði að átta mig betur á samspili ferðaþjónustu og samfélags. Áhugi minn á þessari rannsóknaraðferð á sér tvönnskonar rætur sem tengjast annars vegar fyrri menntun og hins vegar starfi mínu og kannski mætti bæta við landfræðilegri staðsetningu. Í framhaldsnámi mínu í bókmenntum lagði ég áherslu á svo kallaðar minnihlutabókmenntir og hlutverk þeirra í uppbyggingu og eflingu sjálfsmyndar viðkomandi minnihlutahópa. Í starfi mínu við Ferðamáladeild Háskólans á Hólum hef ég fengið ótal tækifæri til þess að hlusta vel á raddir þeirra sem byggja upp ferðaþjónustu á landsbyggðinni. Oftar en ekki er það fólk sem upplifir miklar breytingar á sínu samfélagi og er umhugað um eflingu byggðarinnar. Stundum

---

<sup>1</sup> Ég tala um narratífu sem þýðingu á enska hugtakinu narrative inquiry. Hér fylgi ég fordæmi þeirra sem hafa fjallað um narratífurannsóknir á íslensku. Sjá t.d. Lilju M. Jónsdóttur (2012).

snýst baráttan einfaldlega um tilverurétt byggðarlags sem samfélagið hefur því sem næst dæmt úr leik. Byggðastofnun hefur einmitt á undanförunum árum beint sjónum sínum að svokölluðum brotthættum byggðum sem eru skilgreindar sem byggðarlög sem lengi hafa glímt við fólksfækkun, einhæfni í atvinnulífi og hækkandi meðalaldur íbúa. Þetta á ekki síst við „fámenna byggðakjarna og sveitir í umtalsverðri fjarlægð frá stærri byggðakjörnum“ (Byggðastofnun, e.d.b). Þessi skilgreining á vel við Borgarfjörð eystri sem hefur staðið í samfelldri varnarbaráttu frá því í lok níunda áratugarins þegar frystihúsið lokaði og sauðfé var skorið niður vegna riðuveiki. En á sama tíma voru fyrstu skrefin stigin í átt að uppbyggingu ferðaþjónustu með markvissum hætti (Áskell Heiðar Ásgeirsson, 2014). Árið 2005 var tónlistarhátíðin Bræðslan svo haldin í fyrsta skipti og hefur síðan verið haldin árlega og átt mikilli velgengi að fagna. Tilgangur rannsóknarinnar sem hér um ræðir er að skoða upplifun og reynslu fólks, fyrst og fremst heimamanna, af þessum vinsæla viðburði. Markmiðið er þannig að beita narratífri rannsóknaraðferð til þess að rýna í frásagnir fólks af Bræðslunni, áhrifum hennar og þýðingu fyrir samfélagið.

Þetta er þó ekki í fyrsta skipti sem heimamenn eru spurðir á lits því sumarið 2013 framkvæmdi Áskell Heiðar Ásgeirsson (2014), annar stofnanda Bræðslunnar, spurningakönnun meðal íbúa og sumardvalagesta á Borgarfirði eystri<sup>2</sup>. Könnunin, sem var hluti af mastersrannsókn Áskells Heiðars í ferðamálafræði við Háskólann á Hólum, var gerð í samráði við höfund þessarar skýrslu sem var annar af leiðbeinendum Áskells Heiðars við MA verkefnið. Báðar þessar rannsóknir miða þannig að því að auka skilning á samfélagslegum áhrifum viðburða í litlu samfélagi. Aukinheldur er rannsóknin sem hér um ræðir hluti af stærra verkefni (sjá Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, 2013) en markmið þess er að greina hvað gerist þegar staður umbreytist í áfangastað fyrir ferðamenn og hvernig þeir sem búa á viðkomandi stað skynja, skilja og upplifa þessa breytingu. Markmiðið með fyrrgreindu verkefni er að skoða uppbyggingu ferðaþjónustu í jaðarbyggðum en það er kunnara en frá þurfi að segja að flest byggðarlög landsins hafa horft til ferðaþjónustu sem nokkurs konar bjargvættar fyrir byggðir þar sem atvinnulíf hefur verið einhæft og þjónusta af skornum skammti. Í byggðaáætlun 2010-2013 var efling ferðaþjónustu til að mynda sérstakur áhersluflokkur og í núverandi byggðaáætlun (2014-2017) er ferðaþjónusta talin meðal mikilvægra vaxtargreina landsbyggðarinnar (Byggðastofnun, e.d.a). Á sama tíma og sífellt færri stunda landbúnað og sjávarútveg, hinar

---

<sup>2</sup> Rannsókn Heiðars var MA verkefni hans í ferðamálafræði við Háskólann á Hólum (Áskell Heiðar Ásgeirsson, 2014).

hefðbundnu undirstöðugreinar dreifðari byggða, hefur vaxandi eftirspurn eftir dreifbýlinu sem vettvangi frítíma og ferðamennsku kallað á mikla uppbyggingu í ferðaþjónustu og byggt upp væntingar um bjartari framtíð dreifbýlinu til handa (Lane og Kastenholz, 2015). Það veldur því að það er í raun erfitt að slíta umræðu um uppbyggingu ferðaþjónustu á landsbyggðinni úr samhengi við byggðapróun og þá endursköpun dreifbýlisins (e. *rural restructuring*) sem hefur átt sér stað í kjölfar fyrrnefndrar uppstokkunar í atvinnulífinu (Fløysand og Jakobsen, 2007). Ferðaþjónusta víða um land er því í senn afleiðing af breyttum atvinnuháttum í dreifbýli og viðbragð við nýjum neysluháttum (Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, 2012). Þetta samhengi er bakgrunnur þessarar rannsóknar á samfélagslegum áhrifum Bræðslunnar.

Uppbygging þessarar skýrslu er með þeim hætti að byrjað verður á umfjöllun um narratífuna sem rannsóknaraðferð, þá verður rætt um samspil viðburða og samfélags og dregin upp mynd af Borgarfirði eystri og sögu Bræðslunnar, greint frá söfnun og greiningu gagna og að lokum niðurstöðum auk umræða.

Ég þakka öllum viðmælendum mínum innilega fyrir að gefa sér tíma til að taka þátt í rannsókninni. Sérstakar þakkir fær Áskell Heiðar Ásgeirsson fyrir margháttaða aðstoð og góðar móttökur á Borgarfirði eystri. Margrét Víkingsdóttir og fjölskylda frá Skriðubóli, Borgarfirði eystri, fá góðar þakkir fyrir gistingu á ættaróðalinu sumarið 2014. Þakkir fyrir góð ráð og gagnrýna umræðu fær einnig samstarfsfólk mitt við ferðamáladeild Háskólans á Hólum og í ferðamálafræði við Háskóla Íslands. Rannsóknamiðstöð ferðamála (RMF) styrkti þetta verkefni og er hér með þakkað fyrir þann stuðning.

## 2. NARRATÍFA SEM RANNSÓKNARAÐFERÐ

*Það var eins og að sogast inn í ljóshol.  
Úr þokum heilaspunans inn í ljós frásagnarinnar  
(Pétur Gunnarsson, 2014, bls. 159).*

Sögur eru sagðar á hverjum degi, einfaldar sögur jafnt sem margbrotnar og flóknar. Það er manneskjunni nokkuð eðlislægt að segja frá því sem hún upplifir, frásagnir eru þannig virkt samskiptatæki. Narratífa sem rannsóknaraðferð beinir athygli sinni að þessum sögum. Það er algengt að orðin sögur (e. *stories*) og frásagnir (e. *narratives*) séu notuð sitt á hvað í umfjöllun um narratífar rannsóknir þótt vissulega vilji sumir fræðimenn greina skýrt á milli þeirra. Þannig segja Connelly og Clandinin (1990) að sögur séu það sem við rannsókum en frásagnirnar (eða narratífan) séu niðurstaða þeirra rannsókna.

Narratífa sem rannsóknaraðferð á sér sem slík ekki langa sögu innan félagsvísinda (Lilja M. Jónsdóttir, 2007; Riessman, 2008) en segja má að 21. öldin hafi tekið henni fagnandi. Riesman (2008) sem á að baki langt fræðastarf í narratífurannsóknum talar raunar um að sér ói við því hvernig hugtakinu narratífu sé nánast smurt á öll samskipti sama hvers eðlis þau eru. Narratífan hefur raunar lengi verið viðfangsefni bókmenntafræðinnar enorðið æ meira áberandi innan ólíkra fræðasviða (Hyvärinen, 2010; Squire, Andrews og Tamboukou, 2013). Hér á landi hefur narratífu einkum verið beitt í mennta- og heilbrigðisrannsóknum enda er narratífunálgunin talin henta vel til þess að skilja fagstéttir og þróun þeirra og eðli starfa. Hér má nefna doktorsritgerð Lilju M. Jónsdóttur (2012) um viðhorf og upplifun byrjenda í grunnskólakennslu og mastersritgerð Önnu Maríu Jónsdóttur (2013) sem fjallaði um einstaklinga sem hættu tímabundið námi í framhaldsskóla þrátt fyrir að námsgeta þeirra væri ágæt. Önnur fagsvið hafa einnig horft til narratífu, samanber rannsókn Ingu Jónu Jónsdóttir (2014) á nýsköpunarstarfi í opinberri þjónustustarfsemi.

Skýr skilgreining á því hvað narratífa nálgun felur í sér liggur ekki fyrir og eru fjölmargir fræðimenn á öndverðum meiði hvað varðar skilgreiningar á narratífu og narratífum rannsóknum (Lilja M. Jónsdóttir, 2007; Squire, Andrews og Tamboukou, 2013). Smith (2007) heldur því fram að narratífa rannsóknaraðferð sé í raun regnhlífarhugtak yfir rannsóknir af mjög ólíku tagi, sem byggja á fjölbreyttum fræðilegum bakgrunni og aðferðafræðilegum nálgunum. Oft má greina ákveðna spennu eða núning í skrifum fræðimanna um narratífar rannsóknaraðferðir. Þeir Smith og Sparks (2006) hafa til dæmis skilgreint átta áttakafleti (e.



*tensions*) sem endurspeglar ólíka þekkingarfræði að baki rannsóknunum. Þar má nefna hvort áherslan er á einstaklinginn eða hið félagslega og hvort raunsæ eða afstæð nálgun móti sýn manna á heiminn. Eftirfarandi útlistun Lilju M. Jónsdóttur (2007) á narratífri rannsóknaraðferð undirstrikar að það er ekki einfalt að setja hana á ákveðinn fræðilegan bás ef svo má að orði komast. Lilja byggir skilgreiningu sína á kanadísku fræðimönnunum Conelley og Clandinin sem hafa mótað mjög narratífa nálgun innan menntavísandanna „Narratífan er eigindleg rannsóknaraðferð, hún er póstmódernísk, tengist túlkunarhyggju og er fyrirbærafræðileg“ (Lilja M. Jónsdóttir, 2007, bls. 740). Til þess að auka flækjustigið aðeins þá er narratífan bæði fyrirbæri (e. *phenomenon*) sem er rannsakað og aðferð (e. *method*) í rannsókn. Þetta þýðir einfaldlega að narratífan er „...allt í senn, fræðilegt sjónarhorn, rannsóknarsniðið og einnig það fyrirbæri sem rannsakað er“ (Lilja M. Jónsdóttir, 2007, bls. 740).

Tvö hugtök liggja narratífu rannsóknum til grundvallar. Þau eru annars vegar merking (e. *meaning*) og reynsla (e. *experience*) hins vegar. Flestar narratífar rannsóknir ganga útfrá því að merking sé miðlæg í mannlegri tilvist, það að vera manneskja felur í sér merkingarsköpun (Smith og Weed, 2007) og þar gegna sögur mikilvægu hlutverki, með þeim er mannleg tilvist gædd merkingu (Connelly og Cladinin, 1990). En þetta gerist ekki í tómarúmi því frásagnir skapast í tengslum og þau eru mikilvæg forsenda fyrir því að gæða frásagnir merkingu. Sögur eða frásagnir eru þannig ákveðið form félagslegra athafna og sem slíkar eru þær bæði einstaklingslegar og félagslegar; þær mótast í senn af persónulegum frásögnum en einnig af þeim samfélagslegu frásögnum sem einstaklingurinn hrærist í og meðtekur á ævi sinni (Bell, 2002). En það er þó mikilvægt að hafa í huga að narratíf greining gengur ekki út á það að finna „réttu“ söguna eða að hún byggir á þeirri sannfæringu að það sé til eitthvað sem við getum kallað því nafni. Þannig endurspeglar sögur ekki einhvern ákveðinn veruleika heldur endurspeglar þær hvernig einstaklingurinn upplifir veruleikann og hvaða merkingu sú upplifun felur í sér: „...a life is not “how it was” but how it is interpreted and reinterpreted, told and retold“ (Bruner, 2004, bls. 708).

Narratíf aðferð er því leið til þess að skilja reynslu (Lilja M. Jónsdóttir, 2007), í narratífunni er lifaðri reynslu (e. *lived experience*) umbreytt í frásögn þar sem atburðum er skipað í ákveðna röð (e. *sequence*) sem mótar þá merkingu sem frásögninni er ætlað að miðla. Margir fræðimenn leggja raunar áherslu á það sem mætti kalla gerendahæfni narratífunnar. Félagsfræðingurinn Arthur W. Frank (2010) talar til dæmis um að sögur andi (e. *breathe*) og er

með því að leggja áherslu á ákveðinn aðgerðarmátt sagna, þær hafa áhrif í sjálfu sér. Efling þess sem segir sögu sína er enda sterkur þráður í narratífurannsóknum og hefur narratífu nálguninni gjarnan verið beitt í rannsóknum á meðal minnihlutahópa (t.d. fötluðum, utangarðsfólki og innflytjendum) sem oft hafa ekki haft tækifæri til þess að taka þátt í opinberri orðræðu. Tengsl frásagna og sjálfsmyndar (e. *identity*) er því oft áberandi í narratífurannsóknum. Bamberg (2012) bendir á að frásagnir séu ekki síst mikilvægt tól í eflingu sjálfsmyndar á breytingartímum og raunar telur Riessman (2008) að ástæður þess hversu miklum vinsældum narratífan á að fagna um þessar mundir sé sú staðreynd að samtíminn hverfist að miklu leyti um sjálfsmynd og þá gildir einu hvort talað er um einstaklinga, þjóðir, ákveðna hópa eða samfélög:

No longer viewed as given and “natural,” individuals must now construct who they are and how they want to be known, just as groups, organizations, and governments do. In postmodern times, identities can be assembled and disassembled, accepted and contested, and indeed performed for audience (Riessman, 2008, bls. 7).

Þessi sköpun sjálfsmyndar á sér stað í frásögninni, sjálfsmyndin er orðuð í sögum sem við segjum okkur og öðrum um það hver við erum, eða hver við erum ekki (Yuval-Davis, 2011). Yuval-Davis talar einmitt um sjálfsmyndarfrásagnir (e. *identity narratives*) sem geta vísað hvort heldur til einstaklingsins eða til heildarinnar. Hún vill meina að sjálfsmynd einstaklingsins endurspegli alltaf að einhverju leyti sjálfsmynd heildarinnar og sæki í hana efnivið. Sögur geta virkjað einstaklinga og haft áhrif á tengingu þeirra við stærri heild (samfélag, hóp, stað, o.s.frv.), þær hafa þannig pólitískan aðgerðarmátt (Riessman, 2008).

## 2.1 Gagnasöfnun og greining

Gagnasöfnun í narratífum rannsóknum sker sig ekki frá öðrum rannsóknaraðferðum innan eigindlegar rannsóknarhefðar. Viðtöl, hálfopin eða opin, eru þannig algengasta aðferðin við gagnasöfnun. Stundum eru tekin mörg viðtöl yfir langt tímabil við sömu manneskjuna/manneskjurnar en þó alls ekki alltaf. Þátttökuathuganir og rýnihópaviðtöl eru einnig algeng, ekki síst sem viðbótargögn til þess að auka áreiðanleika og réttmæti rannsóknarinnar. Mismunandi aðferðir tíðkast hins vegar hvað varðar greiningu gagna og framsetningu niðurstaðna. Um sumt helst það í hendur við ólíka nálgun fræðimanna í narratífum rannsóknum sem oftar en ekki mótast af hefðum og venjum sem tilheyra þeirra fræðasviði. Kim (2008) ráðleggur til dæmis narratífurannsóknum að nálgast greininguna í anda skáldskaparfræða rússneska heimspeki- og bókmenntafræðingsins Mikhail Bakhtíns sem

setti mikinn svip á skáldskapargreiningu 20. aldar. Það eru einkum þrjú hugtök úr smiðju Bakhtíns sem Kim telur gagnleg narratífum rannsóknum: margröddun (e. *polyphony*), karnival (e. *carnival*) og tímarúm (e. *chronotope*). Hugtakið margröddun felur í sér að allar frásagnir eru jafngildar og engin frásögn annarri æðri og útkoman er ekki hinn endanlegi sannleikur heldur síkvikur bræðingur hinna ýmsu radda. Karnivalið endurspeglar fyrir Bakhtín hvernig þvíviðtekna er snúið á hvolf og raddir hinna jaðarsettu heyrast á jafnt við aðrar raddir. Tímarúm vísar svo til þess að allar frásagnir eiga sér stað í ákveðnum tíma og rúmi, þær fjalla um reynslu sem þarf að skoða jafnt í sögulegu sem og félagslegu ljósi (Kim, 2008, bls. 256-7).

Riessman (2008) telur að narratífri greiningu megi skipta í stórum dráttum í þrjá flokka: þematíska greiningu (e. *thematic*), formgerðar greiningu (e. *structural*) og að síðustu það sem mætti kalla á íslensku samræðu/athafna greiningu (e. *dialogic/performance*). Í þematískri nálgun er fókusinn fyrst og fremst á það *hvað er sagt* og greiningin miðast þá við að draga fram meginþemun sem koma í ljós við rýningu í frásagnirnar. Þessi nálgun skarast mjög á við margar aðrar aðferðir innan eigindlegrar rannsóknarhefðar, svo sem grundaða kenningu. En Riesmann (2008) bendir á að narratífsk þemagreining mótist alla jafna af fræðilegum kenningum og vinni með heildstæðan texta meðan grundaða kenningin brjóti textann upp í einingar til að kóða. Formgerðargreiningin snýst um það *hvernig* sagan er sögð, það er áherslan færast frá innihaldinu yfir í byggingu og samsetningu frásagnarinnar. Þá leggur samræðu/athafna greiningin áherslu á form og markmið frásagnarinnar, það sem skipti máli sé að spyrja *hver, hvenær og í hvaða tilgangi*. Greiningin skuli þannig beinast að því hvernig sá sem segir frá (getur líka átt við rannsókn á rituðum heimildum svo sem dagbókum) byggir söguna upp, fyrir hvern og í hvaða tilgangi. Þessi nálgun gengur út frá því að merkingin verði til í samskiptum og því skipti samhengi alltaf máli. Narratíf greining undir þessum formerkjum fókuserar því ekki einvörðungu á einstaklinginn og frásagnir hans heldur á stærra samhengi. Maðurinn er ekki eyland. Inn í þessa margradda greiningu fléttast einnig rödd rannsakandans og sá texti sem birtist í túlkun hans. Rannsóknartextinn er þannig „saga“ líka (Riessman, 2008) og oft á tíðum ígrundar rannsakandinn opinskátt túlkun sína og þær ályktanir sem hann dregur.

Í rannsókninni sem hér um ræðir á því hvað einkenni frásagnir fólks af Bræðslunni, er áherslan á það sem er sagt (e. *what*) og hið sögulega og menningarlega samhengi. Þar horfi ég einkum til þess sem hefur verið að gerast í byggðapróun á Borgarfirði eystri á liðnum áratugum. Uppbygging ferðaþjónustu skipar þar stóran sess. Þannig reyni ég að draga fram meginþemu

frásagnanna og hvernig þeim er skipað og hvað ræður þeirri röðun eða öllu heldur hvað mótar þá merkingu sem frásögninni er ætlað að miðla. Áður en lengra er haldið verður fjallað stuttlega um fræðilegt samhengi rannsóknarinnar, einkum samfélagsleg áhrif viðburða.

### 3. VIÐBURÐIR, STAÐIR, SJÁLFSMYND OG BYGGÐAÞRÓUN

Uppbygging ferðaþjónustu hér á landi hefur einkennst af því að vera nokkurs konar kreppuráð eða viðbrögð við krísuástandi, hvort sem um er að ræða hrun í þorskstofni, fjármálahrun eða öskufall (Gunnar Þór Jóhannesson, 2012). Sjálfsmyndarkreppa er gjarna fylgifyiskur hruns og það á bæði við einstaklinga sem og heilu byggðarlögin. Í gegnum markaðssetningu ferðaþjónustunnar er hins vegar sköpuð jákvæð og spennandi ímynd af einstaka áfangastöðum og þeim möguleikum sem þeir hafa upp á að bjóða enda gegnir ímynd mikilvægu hlutverki hvað varðar velgengni áfangastaða (Sirakaya, Sonmez og Choi, 2001; Tasci og Gartner, 2007). En það hvernig ferðaþjónusta hefur orðið rækilega samvinnuð sjálfsmyndarpólítík hvers konar, ekki síst í gegnum mörkun (e. *branding*) svæða getur hins vegar leitt til einsletrar birtingarmyndar viðkomandi staðar og útmáð þann margbreytileika sem hann felur í sér (Granås, 2014). Markaðssetning svæða felst í skipulögðum aðgerðum sem miða að því að búa til og miðla ímyndum um svæðið í því skyni að hafa áhrif á hugmyndir og viðhorf fólks. Sú umbreyting sem á sér stað þegar staður er skilgreindur sem áfangastaður er bæði áþreifanleg (uppbygging innviða, fjölgun ferðamanna, o.s.frv.) og óáþreifanleg (ímynd, orðspor, sjálfsmynd). Mikilvægi þess að uppbygging ferðaþjónustu sé samfélagslega samþykkt hefur orðið mönnum æ ljósara, vöruþróun og stefna er því ekki einkamál atvinnugreinarinnar (George, Mair and Reid, 2009). Með öðrum orðum, sjálfbærni og velferð ferðaþjónustu til lengri tíma byggir á ríkri meðvitund um það með hvaða hætti ferðaþjónusta getur eflt og styrkt byggð og samfélag. Edward Huijbens, Gunnar Þór Jóhannesson og Björns Þorsteinsson (2014) hafa í þessu sambandi talað um ferðaþjónustu sem ylrækt<sup>3</sup>, þ.e. að ferðaþjónusta, sé rétt á spöðunum haldið, snúist um að:

...skapa frjósaman jarðveg sem uppúr spretta græðlingar og rætlingar á forsendum skapandi tengsla við ferðamenn. ... Hagsmunaaðilar í ferðaþjónustu ættu að spyrja sig hvers kyns uppbygging eflir möguleika samfélaga á því að verða og virkja eigið hreyfiafl, það er hvernig hægt sé að hugsa ferðaþjónustu sem ylrækt samfélaga – þannig að lífsaflið vaxi og þráin finni sér nýjar leiðir til sköpunar og eflingar (Edward H. Huijbens ofl., 2014, bls 226).

Spurningin sem vaknar í þessu samhengi eru hvernig gjörðir skapa þennan frjósama jarðveg, hvað er það sem skiptir máli og hvernig geta hagsmunaaðilar í ferðaþjónustu unnið á þann veg

---

<sup>3</sup> Félagsleg frumkvöðlastarfsemi (e. *social entrepreneurship*) í ferðaþjónustu er raunar viðfangsefni sem fær æ meiri athygli fræðimanna og hvernig byggja megi upp ferðaþjónustu sem nærir og eflir samfélög og byggðir.

að það verði samfélaginu öllu til framdráttar og hverjir eru það sem við skilgreinum sem hagsmunaaðila í ferðaþjónustu? Það er hægt að fara margar leiðir að því að svara þessum spurningum en hér verður áherslan fyrst og fremst á upplifun eins samfélags, nánar tiltekið Borgarfjarðar eystri, á því þegar hreyfiafl þess er virkjað með algjörlega nýjum hætti og ímynd vel heppnaðrar tónlistarhátíðar leikur um staðinn.

Viðburðaferðamennska (e. *event and festival tourism*) hefur sett sterkan svip á ferðaþjónustu landslagið á 21. öldinni (Picard and Robinson, 2006). Hinar dreifðari byggðir hafa ekki farið varhluta af þessari þróun og viðburðir og hátíðir hvers konar hafa haft þar vaxandi hlutverki að gegna (Quinn, 2009). Það á ekki síst við þegar horft er til samfélagslegra áhrifa viðburða. Fjölmargar rannsóknir á sviði viðburðastjórnunar<sup>4</sup> (e. *event management*) hafa sýnt fram á það að viðburðir verða oft til þess að skapa ákveðna samkennd og samhug og þannig efla ákveðin staðartengsl meðal íbúa jafnt sem gesta (De Bres og Davis, 2001; Winchester og Rofe, 2005; Reid, 2007). Þetta skiptir ótvírætt máli því áriðandi er að uppbygging ferðaþjónustu, þar með talið viðburðaferðaþjónustu, í dreifðum byggðum stuðli að eflingu samfélagsins á fjölbreyttan hátt, þ.e. ekki eingöngu út frá efnahagslegum forsendum heldur ekki síður félags- og menningarlegum (George, Mair og Reid, 2009).

Viðburðahald svo sem bæjarhátíðir eða fjölsóttar tónlistarhátíðir, skapar einnig líf og ákveðna stemmingu í samfélaginu sem getur skilað sér í efldri ímynd bæði út á við og inn á við. Vel heppnaðar hátíðir eða viðburðir geta skapað tækifæri til þess að draga upp jákvæða ímynd af viðkomandi stað sem með viðburðinum er orðinn vettvangur skemmtunar og skapandi athafna. Slík markaðssetning út á við getur raunar verið þýðingarmikil í því að ná athygli bæði ferðamanna og þeirra sem hafa áhuga á búsetu í dreifbýli (Getz 2008; Jaeger og Mykletun, 2013). Viðburðir geta því brugðið upp nýrri ímynd af stöðum sem átt hafa í langri varnarbaráttu vegna viðvarandi fólksfækkunar með tilheyrandi neikvæðri ímynd, ekki síst í fjölmiðlum, af samfélagi stöðunar og hnignunar á flestum sviðum. MacLeod (2006) talar til dæmis um að samfélög noti viðburði til þess að gera sig gildandi þátttakendur í menningu

---

<sup>4</sup> Viðburðarstjórnun er ung fræðigrein og hér á landi eru ekki margar rannsóknir á því sviði en benda má á nýlegar mastersritgerðir: Áskell Heiðar Ásgeirsson. (2014). „*Hamingjan er hér*“ *Samfélagsleg áhrif Bræðslunnar á Borgarfirði eystri*. Óbirt MA ritgerð við Háskólann á Hólum. Aðgengileg á: <http://hdl.handle.net/1946/19959>  
Paulina Bednarek. (2015). *Hvatar gesta Iceland Airwaves 2014*. Óbirt MS ritgerð við Háskóla Íslands. Aðgengileg á: <http://hdl.handle.net/1946/21152>  
Skúli Gautason. (2014). *Hátíðir á Norðurlandi – tilurð og fyrirkomulag*. Óbirt MA ritgerð við Háskólann á Bifröst. Aðgengileg á: <http://hdl.handle.net/1946/20608>

samtímans. Þannig opna vel heppnaðir viðburðir á að ímynd staða sé endurskilgreind í takt við þær samfélagsbreytingar sem hafa átt sér stað.

Dreifbýlið hefur löngum haft á sér yfirbragð stöðnunar og óumbreytanleika í andstöðu við hið dýnamíska þéttbýli (Halfacree, 2014). Orðræðan um ímynd íbúa og dreifbýlissamfélaga hefur endurspeglad þetta andstöðupar og verið býsna lífseig þrátt fyrir mikla gagnrýni fræðimanna á þá sýn að einhver náttúruleg tengsl séu á milli fólks og staða eða að staður sé einhver fasti sem sé ávallt skilinn á sama hátt. Þvert á móti, staður er afurð tengsla og athafna, hann er aldrei endanlegur eða fullgerður heldur sífellt í mótun vegna samspils við athafnir fólks og tengslum þess við hluti og umhverfi; menningu og náttúru (Massey, 2005; Roe, 2013). Cresswell (2002) orðar þetta með eftirfarandi hætti:

Place is constituted through reiterative social practice – place is made and remade on a daily basis. Place provides a template for practice – an unstable stage for performance. Thinking of place as performed and practice can help us think of place in radically open and non-essentialized ways where place is constantly struggled over and reimagined in practical ways. Place is the raw material for the creative production of identity rather than an a-priori label of identity. Place provides the conditions of possibility for creative social practice (Cresswell, 2002, bls. 25).

Sjálfsmynd staða er í sífelldri deiglu og birtingarmynd hennar er afurð tengsla og athafna af margskonar tagi (fólk, hugmyndir, hlutir, aðgerðir, o.s.frv.). Markaðssetning staða eða svæða hefur ótvírætt hlutverk í þessu samhengi enda ætlað að hafa áhrif á ímynd staða og það hvaða tilfinningar og hugsanir eru þeim tengdar. Endurskilgreining dreifbýlisins hefur til að mynda falist í nýrri orðræðu um dreifbýlið og aðlaðandi frásögnum sem eiga að laða að nýja neytendur, ekki síst ferðamenn (Eugenio-Vela og Barniol-Carcsona, 2015). Fleiri þættir skipta þó máli og Taylor (2010) hefur bent á að sjálfsmynd íbúa hafi áhrif á sjálfsmynd staða en sömuleiðis að sjálfsmynd staða setji mark sitt á sjálfsmynd íbúa. Þetta kallast á við Dixon og Durrheim (2000) sem sögðu spurninguna um það hver við værum (e. *who we are*) gjarnan tengjast því hvar við værum (e. *where we are*) (bls. 27).

Eins og áður sagði þá geta viðburðir haft áhrif á ímynd staða og gildi vel heppnaðra viðburða fyrir markaðssetningu áfangastaða er óumdeilt (Quinn, 2009). En fræðimenn hafa einnig beint sjónum sínum að því hvernig viðburðir stuðla í senn að eflingu samfélagstengsla og myndun nýrra hugmynda og tengsla út fyrir staðinn. Með öðrum orðum, viðburðir þetta tengslarýmið inn á við og opna það út á við (De Bres og Davis, 2001; Winchester og Rofe, 2005; Quinn, 2009;

Jaeger og Mykletun, 2013). Langflestir viðburðir og hátíðir reiða sig á sjálfbóðaliðastarf bæði heimamanna og gesta. Sýnt hefur verið fram á að þátttaka heimamanna hefur mikið um það að segja hvort viðburðurinn stuðli að jákvæðri byggðapróun eður ei. Það er raunar mun þýðingarmeira en það að hann dragi að sér fjölda gesta og skili fjárhagslegum ágóða (Moscardo, 2007). Viðburðir gegna líka mikilvægu hlutverki í því að ná til brottfluttra sem í gegnum viðburðinn fá tækifæri til þess að tengjast aftur samfélaginu á jákvæðan hátt. Viðburðurinn skapar þannig vettvang fyrir endurnýjun og viðhald tengsla brottfluttra og heimamanna sem getur haft jákvæð áhrif á bæði staðarkennd (e. *sense of place*) og félagsauð (e. *social capital*) samfélagsins (Derret, 2003). Með hugtakinu félagsauð er átt við félagstengsl sem myndast í samskiptum fólks og fela í sér traust og sameiginleg gildi. Þátttaka íbúa í sameiginlegum verkefnum getur til að mynda stuðlað að auknum félagsauð (Falk og Kilpatrick, 2000; Moscardo, 2007). Jaeger og Mykletun (2013) vilja þó halda fólki á jörðinni hvað varðar getu viðburða til þess að snúa við neikvæðri byggðapróun og segja fátt benda til þess að svo sé raunin. Niðurstaða rannsókna þeirra í Norður Noregi er þó að vel heppnaðir viðburðir geti hægt á brottflutningi, ekki síst vegna bættrar staðarímyndar og aukins sjálfstrausts íbúa.

Taylor (2010) leggur áherslu á að frásagnir tengdar stað geti verið afar mótandi fyrir sjálfsmynd þeirra sem tengjast viðkomandi stað, bæði á jákvæðan og neikvæðan hátt. Fólk noti þessar frásagnir til þess að gæða líf sitt merkingu og samhengi. Þær geta þannig verið mótandi í því hvernig fólk upplifir sína heimabyggð, samfélagið og sig sjálf. Aðgerðarmáttur sagna er Smith og Sparkes (2006) einnig hugleikinn og að þeirra mati móta þær sjálfsmynd fólks, hafa áhrif á athafnir þeirra og tilvist: "...the stories that people tell and hear from others form the warp and weft of who they are and what they do" (Smith and Sparkes, 2006, bls. 169).

Í kjölfar greiningar á viðburðarannsóknum ýmis konar hvatti Quinn (2009) fræðimenn til þess að skoða viðburði útfrá aðstæðum og samhengi hverju sinni. Með því á hann við að viðburður sé ævinlega rækilega samþættaður því umhverfi (menningar- og félagslegu jafnt sem náttúrulegu) sem fósstrar hann. Því liggur leiðin nú til Borgarfjarðar eystri áður en rýnt verður nánar í tónlistarviðburðinn Bræðsluna og þá merkingu sem íbúar á Borgarfirði leggja í hana og gildi hennar.



#### 4. BORGARFJÖRÐUR EYSTRÍ OG AUKIÐ MIKILVÆGI FERÐAÞJÓNUSTU

Saga Borgarfjarðar eystrí er ekki ýkja frábrugðin sögu annarra jaðarbyggða, jafnt á Íslandi sem og annars staðar á heimskringlunni, sem hafa átt tilveru sína undir nálægð við auðlindir hafs og lands. Landfræðileg einangrun Borgarfjarðar, líkt og margra annarra afskekktara byggðarlaga, jókst á seinni hluta tuttugustu aldar þegar vegakerfi landsmanna batnaði og sjóleiðin var ekki lengur aðal samgöngumátinn (Þóroddur Bjarnason, Kjartan Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson, 2010). Það eru um 70 km til Egilsstaða og liggur vegurinn um Njarðvíkurskriður og yfir Vatnsskarð sem hvoru tveggja hafa verið farartálmar í gegnum tíðina. Þrátt fyrir ýmsar vegabætur á undanförunum árum er enn nokkur hluti vegarins ómalbikaður og því oft erfiður yfirferðar í rigningatíð á sumrin með tilheyrandi holum og ójöfnum. Yfir veturinn spillist færð auðveldlega, ekki síst yfir skarðið. Samgöngumál hafa því lengi verið Borgfirðingum hugleikin (Kristjana Björnsdóttir, 2005; Gunnar Gunnarsson, 2015).

Síðustu ár hefur íbúatala á Borgarfirði eystrí verið nokkuð stöðug. Árið 2015 voru þar skráðir 135 íbúar en voru til samanburðar 215 árið 1990 (Hagstofa Íslands, 2015a; Hagstofa Íslands, 2015b). Töluverð íbúafækkun var á bæði níunda og tíunda áratug síðustu aldar, annars vegar í kjölfar niðurskurðar á sauðfé vegna riðu og hins vegar þegar frystihúsinu var lokað 1991. Smábátaútgærd er þó enn nokkur og Fiskverkun Karls Sveinssonar er þýðingarmikill vinnustaður (Áskell Heiðar Ásgeirsson, 2014).

Undanfarin ár hefur mikil uppbygging átt sér stað í ferðaþjónustu, einkum í gistingu og veitingasölu. Fyrstu skrefin í uppbyggingu ferðaþjónustu voru stigin þegar á áttunda áratug síðustu aldar þegar steiniðjan Álfasteinn opnaði og veitingasala hófst í félagsheimilinu. Fyrirtækið Álfasteinn var stofnað árið 1981 og varð fljótlega að vinsælum áfangastað ferðamanna en undir aldamótin komu hátt í tíu þúsund ferðamenn í Álfastein árlega. Þar var rekin verslun með handverki og gjafavöru sem unnin voru úr borgfiskum bergtegundum og einnig var þar starfrækt upplýsingamiðstöð (Ragna Sara Jónsdóttir, 1999). Fyrsti framkvæmdastjóri Álfasteins, Helgi Arngrímsson, var einnig formaður ferðamálahóps Borgarfjarðar sem stofnaður var árið 1995 af áhugafólki um uppbyggingu ferðaþjónustu og viðburða. Um árabíl stóð Helgi fyrir viðhorfskönnun meðal gesta og því eru til góð gögn um fjölda gesta og viðhorf þeirra frá upphafsárum ferðaþjónustu á Borgarfirði og þar til í aldarbyrjun. Helgi var ótvírætt mikill frumkvöðull í ferðaþjónustu og hans er minnst á Borgarfirði sem „merkisbera nýmæla á mörgum sviðum“ (Ásta Þorleifsdóttir, Arngrímur Viðar

Ásgeirsson og Rannveig Þórhallsdóttir, 2011), ekki síst fyrir uppbyggingu gönguferðamennsku á svæðinu.

Fjalllendið umhverfis Borgarfjörð eystri er rómað fyrir náttúrufergurð enda er þetta annað stærsta lípartítvæði landsins og litadýrð þar af leiðandi mikil sem og jarðfræðileg fjölbreytni (Ásta Þorleifsdóttir, 2011). Aðstandendur ferðamálahópsins áttuðu sig snemma á þessari sérstöðu og stóðu fyrir mikilli uppbyggingu merktra gönguleiða um Borgarfjörð og í Víkur en svo nefnast einu nafni röð af víkum suður af Borgarfirði sem nú eru löngu komnar í eyði en þar var áður var blómleg byggð. Þá stóð hópurninn einnig að útgáfu gönguleiðakorts og Ferðafélag Fljótsdalshéraðs byggði upp góða gistiskála á svæðinu (Áskell Heiðar Ásgeirsson, 2014) og leggja heimamenn áherslu á að þetta svæði, sem kallað er Víknaslóðir, sé eitt best skipulagða göngusvæði á Íslandi (Ferðamálahópur Borgarfjarðar, e.d.). Helgi og fjölskylda hans buðu snemma upp á skipulagðar gönguferðir um svæðið og var lögð áhersla á að þjónustustig ferðanna væri hátt og að öll þjónusta (gisting, veitingar og leiðsögn) væri keypt af heimamönnum.

Fyrir nokkrum árum ræddu heimamenn möguleika þess að byggja upp jarðminjagarð (e. *Geopark*) á Borgarfirði og voru haldnir tveir vinnufundir þar sem ræddir voru möguleikar þess að byggja upp ferðaðjónustu sem ynni markvisst með auðlindir svæðisins til eflingar atvinnulífi á staðnum. Einnig var gerð viðhorfskönnun meðal gesta (Edward Huijbens, 2010). Þessar hugmyndir hafa ekki ennþá fengið brautargengi.

Framboð þjónustu fyrir ferðamenn er ótvírætt gott yfir sumartímamann, ekki síst á sviði gistingar, veitinga og útvistar eins og sjá má á mynd 1.



Mynd 1 Þjónustuframboð á Borgarfirði eystri sumarið 2015.  
Heimild: Ferðamálahópur Borgarfjarðar eystri, e.d.

#### 4.1 Bræðslan – „Ein lítil og klikkuð hugmynd sem varð að tærri snilld“

Hugmyndasmiðir og eigendur að tónlistarhátíðinni Bræðslunni, þeir bræður Áskell Heiðar og Magni Ásgeirssynir, eru fæddir og uppaldir á Borgarfirði eystri en hafa ekki búið þar á fullorðinsárum. Tónlistarhátíðin Bræðslan var fyrst haldin árið 2005 en markmiðið þá var ekki að halda tónlistarhátíð heldur var tilgangurinn að halda upp á að 120 ár voru liðin frá fæðingu listmálarans Jóhannesar Sveinssonar Kjarval sem sleit barnsskónum á Borgarfirði eystri. Áskell Heiðar sá um Kjarvalsstofu á Borgarfirði eystri sem hann hafði haft forgöngu um að stofna árið 2002 til heiðurs listamanninum og voru tvær sögusýningar á vegum stofunnar opnaðar það sama ár. Það var síðan Kjarvalsstofa sem stóð fyrir viðburði til heiðurs listamanninum sumarið 2005 („Menningarhátíð haldin“ 2005). Áskell Heiðar lýsir upphafinu á eftirfarandi hátt:

Viðburðurinn varð tvískiptur, málþing um listmálarann Kjarval og tónleikar. Söngkonan Emilíana Torrini var fengin til að koma fram á tónleikunum, en líkt og Kjarval varði hún hluta af æsku sinni á Borgarfirði. Emilíana óskaði eftir því við skipuleggjendur tónleikanna að þeim yrði fundinn staður á einhverjum óvenjulegum stað og eftir nokkra leit var ákveðið að óska eftir því við eigendur gamallar bárujárnsskemmu, Bræðslunnar, að fá að halda þar tónleika. Það leyfi var auðfengið og við tók mikil vinna við að taka til í skemmuni og gera hana nothæfa sem tónleikahús. Það gekk vel, tónleikarnir tókust mjög vel, rúmlega 500 gestir borguðu sig inn og strax eftir að þeim lauk hófust umræður meðal skipuleggjenda og heimafólks um að tónleika í Bræðslunni þyrfti að halda aftur að ári. Það gekk eftir, árið 2006 var aftur blásið til tónleika, nú með erlendri stórhljómsveit, Belle & Sebastian, ásamt Emilíönu, gestum fjölgaði og nú var ljóst að Bræðslan var komin til að vera (Áskell Heiðar Ásgeirsson, 2014, bls. 34).

Þessi ákveðna upprunasaga Bræðslunnar gegnir, eins og síðar verður komið betur inn á, mikilvægu hlutverki í frásögnum fólks af Bræðslunni. Á heimasíðu Bræðslunnar er þessi saga fönguð með eftirfarandi hætti: „Ein lítil og klikkuð hugmynd sem varð að tærri snilld“ (Bræðslan, e.d.). Bræðslan er alltaf haldin síðasta laugardag júlímánaðar og gestir á tónleikunum hafa verið á bilinu 700 – 1.000 manns en enn fleiri leggja þó leið sína til Borgarfjarðar þessa helgi. Þannig var talið að árið 2014 hefðu um 2.500 manns verið í þorpinu Bræðsluhelgina (Áskell Heiðar Ásgeirsson, 2014; „Prýðisveður á Bræðslunni“, 2014). Þjónustuaðilar á Borgarfirði hafa brugðist við þessari fjölgun gesta með fjölbreyttu viðburðahaldi dagana á undan Bræðslunni eða í Bræðsluvíkunni svo kölluðu. Veitinga- og skemmtistaðurinn Já Sæll í Fjarðarborg var t.d. með tónleika á hverju kvöldi vikuna fyrir Bræðsluna 2014 og veitingastaðurinn Álfacafé stóð líka fyrir tónlistaruppákomum (Bræðslan, 2014). Tónlistarmaðurinn Jónas Sigurðsson hefur á undanförunum árum leikið stórt hlutverk í

tónlistaruppákomum á Borgarfirði eystri, ekki síst í júlí 2013 þegar hann hélt 18 tónleika í félagsheimilinu Fjarðarborg og tók auk þess þátt í Bræðslutónleikunum sjálfum (Helgi Snær Sigurðsson, 2012). Með árunum hafa því ýmis konar tónlistarviðburðir utan sjálfrar Bræðsluhelgarinnar orðið æ meira áberandi á Borgarfirði eystri.

Árið 2010 hlaut Bræðslan Eyrarrósina en hún er samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík, Byggðastofnunar og Flugfélags Íslands. Yfirlýst markmið með Eyrarrósinni er að efla fagmennsku og færni við skipulagningu menningarlífs og listviðburða á landsbyggðinni.

Áskell Heiðar Ásgeirsson, sem er eins og áður sagði upphafsmaður og annar tveggja eigenda Bræðslunnar, hefur lokið MA prófi í ferðamálafræði. Mastersverkefnið hans snéri að viðhorfum heimamanna og gesta til hátíðarinnar með það markmiði að nýta niðurstöður rannsóknarinnar til þess að bæta enn frekar framkvæmd hennar (Áskell Heiðar Ásgeirsson, 2014, bls. 2). Áskell Heiðar framkvæmdi ítarlega könnun meðal gesta Bræðslunnar 2013 og eins kannaði hann viðhorf heimamanna og sumardvalagesta sumarið 2013 með spurningalista sem dreift var í öll hús í þorpinu. Helstu niðurstöður voru þær að gestir voru afar ánægðir með hátíðina og meira en helmingur þeirra hafði komið áður. Meðalaldur gesta var 35 ár og flestir komu eingöngu á staðinn vegna Bræðslunnar. Heimamenn og sumardvalagestir voru einnig mjög jákvæðir í garð hátíðarinnar og tengdu hana við góða stemmingu og jákvæðan anda. Helstu áhyggjur bæði gesta og heimamanna sneru að salernismálum og heimamenn voru ögn á varðbergi varðandi stærð hátíðarinnar. Þessari rannsókn sem hér um ræðir er ætlað að kafa dýpra í viðhorf heimamanna en unnt er að gera með spurningakönnun og því lögð áhersla á viðtöl og vettvangsskoðun.



*Mynd 2 Þéttsetið tjaldsvæði á Bræðsluhátíð. Ljós. Aldís Fjóla Ásgeirsdóttir.*

## 5. GAGNASÖFNUN

Gagnasöfnun fór fram með viðtölum (bæði einstaklings- og rýnihópaviðtölum) og vettvangsrannsókn. Vettvangsathuganir voru gerðar í tvö skipti á Borgarfirði eystri. Annars vegar dagana á undan Bræðslunni 2013 og hins vegar á Bræðslunni 2014 og dagana á eftir. Vettvangsathuganir gegndu fyrst og fremst því hlutverki að fá góða mynd af aðstæðum í þorpinu fyrir og eftir Bræðsluna og fá betri innsýn í og skilning á samfélaginu. Viðmælendur voru valdir með tilgangsrúttaki eins og algengt er í narratífu rannsóknum (Riesmann, 2008). Markmiðið var að ná til sem flestra sem komið hafa að uppbyggingu ferðaþjónustu á Borgarfirði eystri ásamt því að fá fram sjónarmið íbúa bæði hvað varðar uppbyggingu ferðaþjónustu almennt sem og viðhorf þeirra til Bræðslunnar. Viðfangsefni þessarar skýrslu er, eins og áður hefur komið fram, fyrst og fremst viðhorf fólks til Bræðslunnar en ferðaþjónustan er í minni fókus.

Stofnandi og eigandi Bræðslunnar, Áskell Heiðar Ásgeirsson (Heiðar) var lykil heimildarmaður í þessari rannsókn. Allir tóku mjög vel í beiðni um viðtal og voru mjög áhugasamir um rannsóknina og viðfangsefnið. Tveir einstaklingar sem beðnir voru um þátttöku í rýnihópaviðtölum komust ekki þegar á reyndi vegna tímasetningar en voru hjálpsamir við að finna aðra aðila í sinn stað.<sup>5</sup> Markmið viðtalanna var tvíþætt. Annars vegar að gefa viðmælendum tækifæri til þess að tjá sig um upplifun þeirra af Bræðslunni og velta fyrir sér hvað hafi gerst á þessum tæpa áratug sem hún hefur verið haldin. Hins vegar að ræða almennt um uppbyggingu ferðaþjónustu, byggðapróun á Borgarfirði og framtíðarsýn.

Aldursdreifing viðmælenda var ágæt, viðmælendur voru frá því að vera tæplega tvítugir upp í það að vera í kringum áttæðisaldurinn. Kynjadreifing var nokkuð jöfn í rýnihópunum en það hallaði töluvert á konur í einstaklingsviðtölunum þannig voru allir ferðaþjónustuaðilarnir sem rætt var við karlmenn. Flest viðtölin voru tekin sumarið 2013 í vikunni fyrir Bræðsluna, fimm viðmælendanna eru í rekstri tengdum ferðaþjónustu og viðburðahaldi á Borgarfirði, fjórir þeirra fæddir og uppaldir á Borgarfirði eystri og tveir búa þar enn allt árið. Rætt var við tvo einstaklinga sem eru eigendur sumarhúsa á Borgarfirði, annar brottfluttur en hinn viðmælandinn giftur inn í fjölskyldu sem á rætur að rekja til Borgarfjarðar. Þá var einnig talað við tvo íbúa sem hafa reynslu af sveitarstjórnarstörfum. Veturinn eftir Bræðsluna 2013 voru

---

<sup>5</sup> Raunar er það reynsla mín af viðtalsrannsóknum víðar um landið að fólk hefur verið mjög tilbúið að ræða reynslu sína af þróun og uppbyggingu sinna svæða og oftar en ekki hefur það komið fram að það sé mikilvægt að fá tækifæri til þess að nema staðar og ígrunda athafnir sínar og ákvarðanir varðandi uppbyggingu ferðaþjónustu.

svo tekin viðtöl við eigendur Bræðslunnar, þá bræður Áskel Heiðar og Magna. Þá var einnig tekið viðtal við einn af fastagestum Bræðslunnar sem hefur unnið að undirbúningi hátíðarinnar í sjálfböðastarfi í nokkur skipti og svo einn fulltrúa yngri kynslóðarinnar á Borgarfirði eystri. Samtals voru því tekin 13 einstaklingsviðtöl sem voru á bilinu hálf til ein og hálf klukkustund.

Sumarið 2014 voru tekin tvö rýnihópaviðtöl þar sem þátttakendum var skipt í tvo hópa eftir aldri. Við skoðun á íbúaskrá kom í ljós að mjög fáir íbúar voru á milli þrítugs og fertugs og var ákveðið að skipta rýnihópunum í 30– og 30+ og voru sex einstaklingar í hvorum hópi. Viðmiðið var að fólk hefði búið í a.m.k. áratug á Borgarfirði og væri 18 ára eða eldra; að hóparnir endurspegluðu íbúa af báðum kynjum og með búsetu bæði í sveitinni og í þorpinu. Enginn í eldri hópnum hafði ferðabjónustu að atvinnu en helmingur þátttakenda í yngri hópnum vann í ferðabjónustu yfir sumarið.

Öll viðtöl voru hljóðrituð og síðan afrituð. Viðmælendur voru númeraðir og einungis er vísað til þeirra sem viðmælenda 1, viðmælenda 2 o.s.frv. Þegar um rýnihópaviðtölin er að ræða þá er einungis talað um rýnihópaviðtal 1 (eldri hópurinn) og rýnihópaviðtal 2 (yngri hópurinn).



*Mynd 3 Gamla bræðslan – vettvangur tónlistarhátíðarinnar Bræðslunnar.  
Ljós. Áskel Heiðar Ásgeirsson.*

## 6. NIÐURSTAÐA

*Eitthvað geta menn skipt sköpum,  
þess vegna er gott að segja sögur  
(Þórunn Jarla Valdimarsdóttir, 2015, bls. 8).*

Í þessari skýrslu er áherslan fyrst og fremst á greiningu á viðhorfum viðmælanda til Bræðslunnar og áhrifa hennar. Við rýningu í frásagnir viðmælanda af Bræðslunni kom snemma í ljós sterk tilhneiging til þess að útskýra úr hvaða jarðvegi Bræðslan væri sprottin. Það tengdist skýrt frumkvöðlastarfi í ferðapjónustu á Borgarfirði eystri og viðhorfum og gildum sem frumkvöðlarnir á því sviði höfðu haldið á lofti. Annar sterkur þráður var hversu samhljóða menn voru um áhrif Bræðslunnar á samfélagið á Borgarfirði og það hvernig ímynd staðarins hafði gjörbreyst í kjölfar mikillar og jákvæðrar athygli á hátíðina. Þetta endurspegladist líka sterkt í sýn fólks á framtíð samfélagsins. Þannig má segja að frásagnir viðmælanda hafi spunnid skýran þráð í kringum Bræðsluna, frásagnaþráð þar sem atburðum er skipað í skýrt orsakasamhengi fortíðar, samtíðar og framtíðar.

Ég hef valið að nota fyrirsagnir til þess að segja söguna sem birtist í þessum frásagnarþræði um Bræðsluna. Hverri fyrirsögn fylgja innrammaðar tilvitnanir úr frásögn þeirra Bræðslubræðra, Áskells Heiðars og Magna. Í kjölfarið fylgja svo frásagnir viðmælanda sem varpa fyllra ljósi á það hvaða merkingu viðmælendur leggja í einstaka liði þessa þráðar og draga fram upplifun þeirra og reynslu. Í anda narratífunnar fá raddir viðmælanda þannig gott rými

### *Frumkvöðlar í ferðapjónustu ruddu brautina*

*Við sem erum að bauka í þessari Bræðslu og öllu því sem því tengist við hefðum aldrei farið út í þetta nema af því að kynslóðin á undan okkur eða sem sagt í rauninni já frumkvöðlar, fyrsta kynslóð ferðapjónustuaðila á Borgarfirði var í raun búin að brjóta alla þessa múra og einhvern veginn kenna okkur að þetta væri ekkert mál ...ruddi algjörlega brautina. Það var náttúrulega Helgi heitinn Arngrímsson sem var með Álfastein og mamma mín sem var með veitingasöluna og stóð nú fyrir þessum viðburðum Álfaborgarséns o.fl. og þarna nokkrir í viðbót sem voru þarna með, byggðu upp þetta göngusvæði og þetta sem við erum í raun að byggja ofaná (Áskell Heiðar Ásgeirsson, viðtal 7. ágúst 2013).*

En það allavega, skilurðu var upphafið að þessu. Að þau byrjuðu að hittast sem ferðamálahópur. Og það er náttúrulega þetta frumkvæði síðan sem Helgi tekur, að hérna, í rauninni shanghæja ferðamálin í Álfastein (Viðmælandi 13).

Það er að mörgu leyti að þakka Helga Arngrímssyni, hann náttúrulega startaði þessu algjörlega...hann var náttúrulega eigandi Álfasteins og hann gerði margt mikið gott fyrir Borgarfjörð með ferðapjónustunni (Viðmælandi 1).

...og náttúrulega starf Helga heitins Arngrímssonar. Við erum náttúrulega að, við búum að því enn (Viðmælandi 12).

Ég held að þetta hafi breyst með göngustígunum sem gerðir voru hérna. Ég man ekki svona ártöl. ... Já, ætli megi ekki segja að Álfasteinn hafi komið okkur dálítið á kortið (Rýnihópaviðtal 1).

En ég meina það var alveg hefð fyrir því að fólk kæmi hérna og tjaldaði um Verslunarmannahelgina og var hérna á Álfaborgar séns, hjá Fáskrúðsfirðingum og Eskfirðingum, Héraðsbúum og einhverjum sem voru hérna í nágrenninu. Og það var svo sem alveg, Borgarfjörður var alveg orðinn þekktur staður sem var hægt að fara á og vera þar um helgi með fjölskylduna (Viðmælandi 13).

Álfaborgarséns var búinn til sem mótvægi við Atlavíkurbátíðina og fleiri hátíðir...búinn til fyrir eldra fólk, 30+ svo var þetta svona ákveðið kult. ... Ég held að þessi andi sem var í kringum þetta sé að mörgu leyti svipaður og í kringum Bræðsluna, þessi andi sem er í kringum Bræðsluna núna, það vilja einhvern veginn allir vera með (Viðmælandi 10).

#### *Og svo vantaði óvenjulegan tónleikastað fyrir Emiliönu Torrini*

*Einhvern veginn þá varð þessi hugmynd til í tali, svona á milli okkar bræðra kannski einkum og sérílagi eða okkar í fjölskyldunni að það væri nú gaman að nota tækifærið til þess að halda einhvers konar tónleika, tónlistarviðburð...slúttu í raun þessum degi með tónleikum. Og einhvers staðar í bakhöfðinu var þessi hugmynd að það væri gaman að fá Emiliönu Torrini aftur á Borgarfjörð, hún var þarna sem barn svolítið á sumrin hjá ömmu sinni sem bjó þá á Borgarfirði, hafði tengingar við staðinn og þannig einhvern veginn atvikaðist það að það varð svona ofaná að hafa samband við hana hvort við gætum fengið hana til að vera á þessum tónleikum. ... Þetta einhvern veginn féll svo bara allt saman Emilia var nýbúin að gefa út plötu, langaði að spila á Íslandi, alltaf dreymt um að spila á Borgarfirði og var svona einhvern veginn mjög vel fyrirkölluð í þetta dæmi þannig að hún sagði bara strax já. En hún sagði hins vegar við mig strax „að ég spila ekki í félagsheimilinu eða einhverju svona hefðbundnu venue“. Þannig að við fórum af stað með það að finna eitthvert skrátið venue til að halda þessa tónleika, skráttinn stað. Á tímabili var nú þælingin að halda bara útítónleika, við þældum í Álfaborginni, í höfninni, hinum og þessum stöðum, frystihúsinu en svo staðnæmdust við við þetta ljótasta hús bæjarins, þorpsins og já þannig sem sagt einhvern veginn varð sú þæling til að þetta væri nógu klikkað til að prófa það (Áskell Heiðar Ásgeirsson, viðtal 7. ágúst 2013 ).*

- En Emiliana var nú jákvæð fyrir því, hún vildi hafa þetta eitthvað óvenjulegt ... þannig að það hjálpaði þeim að þora þessu (Rýnihópaviðtal 1).

Þetta er náttúrulega ungt fólk, eins og Emiliana Torranía sem fann upp á því að tína draslið hérna út úr Bræðslunni til þess að halda hljómleika hérna fyrir níu árum (Viðmælandi 11).

Þetta byrjaði náttúrulega, átti bara að vera einir tónleikar og ég var reyndar búin að gleyma því en þeir sögðu í fréttunum um daginn að þeir voru bara að halda upp á 120 ára afmæli Kjarval og héldu tónleika með Emiliönu og hún vildi ekki spila í Fjarðarborg eða



einhverjum venjulegum stað, hún vildi vera einhvers staðar á óvenjulegum stað þannig að það var farið inn í Bræðsluna. Svo bara gekk það svo vel að þeir vildu bara gera það aftur. Og það gekk svo vel að það þurfti að gera það aftur! Og einhvern veginn, ég held að þetta hafi aldrei – þetta byrjaði ekki sem einhver tónlistahátíðarhugmynd sko (Rýnihópaviðtal 2).

Þetta var bara svona stemming að gera eitthvað allt öðruvísi svona einu sinni...en það myndaðist alveg ótrúleg stemming í kringum tónleikana og ekki síst skipti það máli að Emiliana og umboðsmaðurinn hennar voru mjög hrifin af þessu og komu að ári með Belle and Sebastian (Viðmælandi 10).

### *...og Bræðslugaldurinn varð til*

*... og úr varð þessi konsert sem var bara æðislegur og alveg dásamleg kvöldstund. Magni hitaði þarna aðeins upp og svo spilaði Emiliana sitt prógramm og það var einhver alveg svona sérstök og mögnuð stemming við þetta. Þessi plata hennar Fishersman's Woman það var einhvern veginn eins og hún hefði verið búin til fyrir þetta hús. ... Þannig að það var eiginlega bara strax daginn eftir þá var ekkert spurt eigum við að gera þetta einhvern tímann aftur heldur bara við gerum þetta aftur og hvernig gerum við þetta næst. ... Mér finnst þetta meira hafa verið þannig að eftir að þetta lukkaðist svona vel þessi konsert, sá fyrsti þá er svona meira verið að reyna alltaf að halda í eitthvert ákveðið svona, ekki endilega þá stemmingu en samt svona halda í ákveðnar, jú svona einhvern ákveðinn galdur sem varð til fyrst. ... Mér finnst ég alltaf hafa þetta svona til hliðsjónar aðeins hvernig þetta lukkaðist þarna fyrstu árin og við erum eiginlega meira finnst mér í því að reyna að varðveita þann anda heldur en að sko að teikna alltaf upp einhvern nýjan (Áskell Heiðar Ásgeirsson, viðtal 7. ágúst 2013).*

*Fyrstu tónleikarnir þeir heppnuðust bara það vel og þú sást strax 'já þetta á að vera svona, hvað passar með, þú veist til hverra höfðar Emiliana Torrini?' Hún höfðar til nákvæmlega sama fólks þannig séð og öll hin böndin sem hafa verið hjá okkur. Þar voru línurnar svolítið lagðar, finnst mér (Magni Ásgeirsson, viðtal 14. janúar 2014).*

Það er svo gaman, sko þegar í miðri viku fyrir Bræðslu, þá finnur maður í loftinu bara. Það kemur einhver svona spenna, nú er þetta að byrja. Og einhvern veginn allt vaknar, þú veist ennþá meira til lífsins. Þá kemur fólkið, það eru allir á ferðinni (Viðmælandi 5).

Ég hef reyndar yfirleitt verið að vinna á Bræðslunni og ekki verið mikið í en í fyrra var ég í fríi á laugardeginum og það er bara, þú ert þarna í hópi fólks, það er þarna fótboltaleikurinn, þetta er eitthvað svo mikið svona gleði alls staðar, það eru allir ánægðir, það er farið út í höfn og það er verið að stökkva í sjóinn og það eru einhvern veginn allir alls staðar (Viðmælandi 1).

Bræðslan eru einhverjir skemmtilegustu tónleikar sem maður fer á. Ekki kannski endilega út af tónlistinni sem slíkri ... heldur bara út af staðsetningunni, útaf bara umhverfinu í sjálfu sér (Viðmælandi 8).

Það er rosa mikið talað um Bræðsluna allt árið um kring. ... Það er mikill spenningur alltaf hverjir verða og hvernig verður þetta allt saman ... Það er mikill spenningur fyrir því en hann er allur jákvæður (Viðmælandi 10).

Við erum náttúrulega búin að vera mest hérna eftir að Bræðslan kom. Og okkar líf snýst svolítið um tilhlökkunina við Bræðsluna. ... Við erum að tala um Bræðsluna og Borgarfjörð allt árið um kring. Og það náttúrulega er að fjölga fólkinu í kringum okkur. Okkur langar bara svona að allir upplifi þetta (Viðmælandi 5).

Hitt er miklu algengara að fólk bíði bara spennt eftir þessu og það er náttúrulega með gesti og svoleiðis (Viðmælandi 9).

Ég meina, árið hjá okkur er bara svona. Það er fyrir og eftir Bræðslu (Viðmælandi 2).

### *Stór viðburður á litlum stað...*

*Það er auðvitað alveg klárt mál að þessi strúktur sem þarna er byggður upp hann er ekki ætlaður fyrir 3500 manns, það er alveg klárt. En mér hefur hins vegar samt fundist að fólk hafi alveg verið að sýna því skilning svona upp til hópa en auðvitað er alltaf einhverjir sem vilja hafa hlutina öðruvísi (Áskell Heiðar Ásgeirsson, viðtal 7. ágúst 2013).*

*Það var alltaf lagt upp með það að þetta er í bakgarðinum hjá okkur, þetta er heima hjá foreldrum okkar, heima hjá ömmu skilurðu, sko við viljum engin læti. Við viljum bara hafa þessa rólegu hippastemmingu sem að hefur einhvern veginn myndast hingað til (Magni Ásgeirsson, viðtal 14. janúar 2014).*

Þetta setur náttúrulega staðinn svona, við skulum segja, gjörbreytir staðnum þessa daga sem þetta er. Þannig að þetta hefur náttúrulega áhrif á alla þó að þeir séu ekki beint þátttakendur í því sko (Viðmælandi 9).

Já, já. Það er alveg rétt ... að þetta er komið svona að þolmörkum þessa helgi. ... Ég held líka eða veit það alveg að þeir eru mjög meðvitaðir um þetta sem standa fyrir Bræðslunni og þeir geta alveg stýrt dálítið hvað kemur, hvað hrúgast mikið af ungu fólki til dæmis, bara eftir því hvernig þeir velja hljómsveitirnar og ýmislegt. ... Já, þeir segja það að þeir ætli ekki að stækka þetta, það verði ekki seldir fleiri miðar og það, hérna þetta á að vera með samfélaginu (Rýnihópaviðtal 1).

Og við vorum með fund í Ferðamálahópnum um daginn og þar ræddum við þetta skilurðu fyrir mánuði síðan. Hvað svona væri sem væri hægt að bæta frá því síðast. ... Og menn eru alveg meðvitaðir um það og menn eru að bæta það skilurðu, án þess að þeir séu beðnir um það (Viðmælandi 13).

Já, þetta hefur bara gengið allt saman vel og, og mér finnst þetta bara vera fínt hjá þeim (Viðmælandi 4).

Maður heyrir engan amast við Bræðslunni (Viðmælandi 11).

Ég er mjög ánægð með, sko þetta hefur stækkað en sko. Við vitum það líka að það er verið að stýra því hverjir koma með vali á tónlistarmönnum. Það er leiðin sem að þú veist er fær í því að stýra því í hvaða átt við viljum að þetta fari. Mér finnst þetta virkilega skemmtilegt framtak eins og ég segi, ég er himinsæl með Bræðsluna eins og hún er (Viðmælandi 12).

Eina sem ég vil ráðleggja þeim er að passa að missa ekki þennan sjarma sem fólki finnst svona skemmtilegur, halda áfram þessum markhópi sem þeir eru búnir að leggja upp með, ekki sækja í yngra fólkið, það er bara eitt sem gerist þá, við vitum öll svo sem hvað það þýðir...Sjarminn er númer 1, 2 og 3 (Viðmælandi 1).

En jú, jú, ég meina það er það sem við óttumst mest er að þetta verði, að þetta sprengi svona samfélagsleg þolmörk (Viðmælandi 2).

Þessvegna held ég að það sé svo mikilvægt að við vöndum okkur við að taka á móti þessu. Þetta er náttúrulega gríðarlegur mannfjöldi (Viðmælandi 12).

Það er náttúrulega voðaleg áhætta hérna, finnst mér. Við erum alltaf, vonum alltaf og biðjum að það komi ekkert fyrir. Þetta er svo afskekkt. Þetta hefur verið svoliðið að það hefur ekki blakað í nokkrum manni hér (Viðmælandi 11).

Þannig séð það er ekki gaman að þessu lengur. Þetta er helvítis álag fyrir okkur á meðan á þessu stendur. ... Maður getur sagt á eftir: Jú, jú ennþá er þetta góð þreyta sko (Viðmælandi 3).

Mig hefur nú oft langað til að fara að heiman en ég hef bara ekkert viljað það því húsið mitt er í miðju, það er bankað og spurt: Er þetta Álfakaffi. Svo var spurt hvort mætti tjalda þarna, það var smá blettur í garðinum hjá mér, spurðu hvort þau mættu tjalda. ... Mig hefur oft langað til að fara í burtu, ekki það að ég sé að forðast fólkið, síður en svo, bara til að slappa af (Rýnihópaviðtal 1).

Ég hef nú stundum hugsað, ég er sko, Bræðslan er í túnfætinum hjá mér..., já og ég hef stundum, var að tala um það um síðustu helgi að hvað ætli fólk í Reykjavík myndi segja ef það væri alltaf verið að labba í gegnum garðinn hjá þeim, hoppa á trampólíninu mínu, þú veist eitthvað og eitthvað, fara í fótbolta á túninu mínu en mér finnst það bara allt í lagi en ég er ekkert viss um að þetta myndi líðast í Reykjavík eða einhvers staðar annarsstaðar, alls ekki (Rýnihópaviðtal 1).

*En heppnin hefur verið ráðandi: gott veður, engin lögreglumál og góðir gestir*

*En einhverra hluta vegna þá hafa sem sagt verið haldnar núna níu Bræðslur án þess að neitt einasta lögreglumál hafi komið upp. ... Það er alveg með ólíkindum hvað við erum ótrúlega heppnir með hópinn sem kemur alltaf, þessi kjarni – þessi þúsund manna kjarni er bara undantekningalaust yndislegt fólk. ... Og 7-9-13, eigum við að ræða veðrið sem verið hefur á Bræðslunni síðustu 10 ár ... við erum mjög góðu vanir (Magni Ásgeirsson, viðtal 14. janúar 2014).*

En svo getur þetta náttúrulega líka farið dálítið eftir veðurspá, við höfum verið afskaplega heppin með veður, það er alltaf þriggja fjögurra daga spá þannig að ég er ekkert viss um að við fengjum 3000 manns hérna ef hann myndi spá ausandi rigningu (Rýnihópaviðtal 1).

Auðvitað eiga veðurguðirnir stærstan þátt í þessu öllu. ... Við höfum alltaf verið heppin með veður (Rýnihópaviðtal 2).

Svo hefur verið sko eitthvað glópalán yfir okkur að þetta er held ég níunda skiptið sem er núna. Og það var aldrei, hefur aldrei komið dropi úr lofti sem sagt þetta Bræðslukvöld. Einu sinni man ég eftir að það rigndi svona seinnihluta nætur svolítið (Viðmælandi 9).

Þetta er búið að ganga það vel, það hefur ekki komið upp nein kærúmál eða neitt. ... Þannig að við höfum verið mjög heppin með það (Viðmælandi 1).

Ég er ákaflega stoltur af því, við erum að fara inní níundu hátíðina núna og það hefur aldrei verið kærð hér líkamsárás. Það segir okkur að við séum að gera eitthvað rétt. ...og það er líka það sem þeir hafa borið gæfu til að gera þeir Bræðslubræður það er hafa uppstillinguna og það sem er í boði á tónleikunum, hafa það fyrir alla aldurshópa. Ekki fara að stefna hingað bara unglingum og náttúrulega heldur ekki bara einhverri einni kynslóð. ...Það gera sér allir grein fyrir því hérna að við myndum ekki höndla 3000 manna unglindahátíð hérna (Viðmælandi 10).

Þetta er svo þægilegt af því að Bræðslan er svo einföld hátíð (Rýnihópaviðtal 2).

Það sem gerir kannski þessa Bræðsluhátíð kannski ennþá betur þokkaða og auglýsta, kynnta út á við, það er svo ótrúlega breiður aldurshópur sko og alveg þversniðið af þjóðfélaginu sem kemur, ég meina, einhvern tímann kom meirihlutinn af borgarstjórn Reykjavíkur hingað til dæmis og ráðherrar og svona (Rýnihópaviðtal 1).

Og mér finnst líka svo skemmtilegt að þú veist, að við höfum haldið þessu. Að það er eins og þegar Magni er að koma fram og Heiðar í útvarpinu að það er eins og þeir eru duglegir að leggja áherslu á að þú veist, hér eru allir velkomnir, hér hefur alltaf farið allt svo vel fram. Hér er, við höfum algjörlega náð að losna við þessa neikvæðu umræðu. Og ég held að það skipti líka máli að þegar að fólk er að hlusta á þetta og þeir sem eru að koma hingað, þeir sko, finna að þeir eru velkomnir og það er ætlast til þess að þeir hagi sér (Viðmælandi 12).

Já, þetta hefur gengið svo fáránlega smurt fyrir sig. Og gerir það vonandi bara áfram. Ég veit það ekki. Svo er það kannski. Því að öfgarnar eru svo miklar í þessu. Að samfélagið er svo ógeðslega lítið. Að ég veit það ekki. Kannski hefur það einhver áhrif á hegðun fólks. Það finnur hvað svona gestasamfélagið er lítið og brothætt. Það ber kannski meiri virðingu fyrir því. Svo líka vegna þess að við erum bara á útnára Íslands sko og í botnlanga. Þú ert ekki að koma hingað nema þú sért virkilega að meina að þú viljir koma hingað (Viðmælandi 2).

## Bræðslan hefur sett kastljósið á Borgarfjörð

*Það eru ótrúlega margir sem vita hvar Borgarfjörður er út af Bræðslunni. Það er talað um að koma einhverjum stað á kortið, ég meina Bræðslan er fyrir Borgarfjörð - hlýtur að vera eins og þjóðhátíð er fyrir Vestmannaeyinga (Magni Ásgeirsson, viðtal 14. janúar 2014).*

Auðvitað hjálpar þetta við að kynna svæðið og fólk kemur og skoðar og sér þetta og fer til baka og kannski kemur aftur (Viðmælandi 4).

Þannig að það kemur oft fólk sko á öðrum árstímum og kannski spjallar um þetta og vill vita hvar er þetta sem þetta er haldið o.s.frv. Svona forvitni og allt það. Því það hefur kannski heyrt útsendingu í útvarpinu eða heyrt talað um þetta eða þekkir einhvern sem að hefur farið o.s.frv. Þannig að það er ofboðslega mikil svona dulin áhrif, dulin auglýsingaáhrif mjög víða sem hlýst af svona nokkru. ... Ég segi nú ekki hvort að fólk er koma hingað vegna Bræðslunnar en ég held að þetta bara, þetta fer í undirmeðvitundina: Borgarfjörður eystri – Bræðslan. Bræðslan – Borgarfjörður eystri (Viðmælandi 10).

Fólk sem er að koma í gistingu spyr oft hvar er þessi Bræðsla...túristar eru líka oft að spyrja hvað sé um að vera og þá segir maður frá Bræðsluvíkunni (Viðmælandi 1).

## Margföldunaráhrifin

*Það er ekkert launungarmál að ég vil auðvitað frekar að heimamenn hagnist sem mest á þessu og það verði sem mest eftir í heimabyggð. ... Mér finnst líka svo fallett einhvern veginn við þetta ef fleiri geta stígið fram og sýnt frumkvæði í því sem að þeir vilja gera og gert það bara vel, óháð mér eða einhverjum öðrum (Áskell Heiðar Ásgeirsson, viðtal 7. ágúst 2013 ).*

Þetta er í rauninni orðið miklu meira en Bræðslan sko. Ef við tökum bara fyrstu eitt, tvö árin sem Bræðslan var þá var þetta bara eitt kvöld og búið (Viðmælandi 9).

Bræðslan er nú eiginlega bara orðin öll vikan ... þetta er svona stigvaxandi (Rýnihópaviðtal 1).

Líka það sem hefur verið að gerast eins og með Jónas Sig, hann er að mæta nokkrum vikum fyrr og halda endalaust af tónleikum og hérna ... það hefur líka búið til svona, ja ímynd af staðnum og þorpínu. ... Ég hef grun um að það svona byggji upp ímynd staðarins. Og fullt af fólkum sem kannski upplifir þetta sem dálítið merkilegan hlut að koma í þetta litla þorp sem er einhvern veginn svona úti í óravíddunum og hérna upplifa svona flotta tónleika og skemmtilegan viðburð (Viðmælandi 8).

Fyrst eiginlega kemur Bræðslan og hún alltaf svona smá saman gerir meira og meira fyrir staðinn, það verður meira, það verða fleiri og fleiri sem vita af þessum stað. Meira umtal um hann. Svo kemur náttúrulega Jónas Sigurðsson og svo gerði.. hann eiginlega kom bara með ofan á það sem Bræðslan var búin að gera fyrir staðinn sko (Rýnihópaviðtal 2).

Ég held að það hafi nú komið okkur líka svolítið líka á blað svona þessir tónleikar um sumarið. ... Já, svona í fjölmiðlunum allavega. ... Þeir hafa komið okkur á kortið. ... Það byrjaði náttúrulega með Jónasi (Rýnihópaviðtal 1).

Alveg ljóst að Bræðslan er 40, 50 prósent af rekstri hjá öðrum rekstraraðilum í ferðaþjónustu. ... Já, já. Það styrkir grundvöll fyrir ferðaþjónustuna og náttúrulega og þess þá heldur kynningarstarf með fyrir íslenska markaðinn (Viðmælandi 13).

Það kemur ótrúlega mikið inn á veitingahúsin og svona – í allan rekstur um Bræðsluna (Rýnihópaviðtal 2).

En þetta hefur auðvitað mikið að segja fyrir ... maður tekur náttúrulega inn, fleiri mánaða veltu bara á þremur dögum (Viðmælandi 4).

Með Bræðslunni fóru þeir að sjá rosalegar tekjur á tjaldstæðinu, þannig að þeir hafa fjárfest rosalega mikið í tjaldstæðinu. ... En það hefur breytt viðhorfum hreppsins til ferðaþjónustu held ég klárlega Bræðslan (Viðmælandi 10).

Galdurinn er náttúrulega, ég veit það ekki. Þetta hefur bara gengið vel. Og þetta er að skila samfélaginu sko (Viðmælandi 2).

### *Stemmingin, unga fólkið og framtíðin*

*Mér finnst þetta hafi haft mikil áhrif á hérna það hvernig menn sjá sjálfa sig sem íbúa barna og sem líka, ekki bara sem íbúa heldur líka sem afkomendur íbúa eða sko og það sem er alveg nýtt núna, menn sjá sig jafnvel þarna sem framtíðaríbúa. Það er alveg sér kapituli. ... Ég ætla ekki að reyna að segja að hafa séð þetta fyrir og ætla heldur ekki að reyna að segja að ég eignist Bræðslunni þetta en ég efast hins vegar ekki um að hún og allt það sem um hana snýst hafi eitthvað með þetta að gera. ... Þetta er eiginlega ef ég tek allt saman, þessi 10 eða 9 ár þá finnst mér þetta eiginlega það skemmtilegasta við þessa hátíð, þessa tónleika, það er ekki endilega það að standa þarna og horfa á músík, það er einhvern veginn þessi bylgja sem hefur orðið til að það er allt í einu svona þínu hipp og kúl, eða svona alla vega ekki neitt til að skammast sín fyrir að vera frá Borgarfirði, að vera partur af þessu gengi einhvern veginn (Áskell Heiðar Ásgeirsson, viðtal 7. Ágúst 2013).*

Það er tíðarandi á Borgarfirði. Já, það er hérna, unga fólkið okkar á Borgarfirði er alveg bara fáránlega vel gefið og skemmtilegt ... Það er brjálæðislegur metnaður og hugur í ungu fólki á Borgarfirði núna. ... Mér finnst þetta vera frábært. Mér finnst bara, fyrir mitt leyti finnst mér bara vera æðislegt að fylgjast með bænum mínum einhvern veginn í svona mikilli bjartsýni og það er svo mikill drifandi í öllu en samt er þú veist vesen með kvóta og net ... – ég meina það eru sömu vandamál og alls staðar, fólk virðist bara tækla þau af miklu meira æðruleysi. Þú veist það er fáránlega mikið félagslíf á Borgarfirði. ... Það er bara eitthvað bjartsýniskast í gangi og ég vona að það endist bara mjög lengi (Magni Ásgeirsson, viðtal 14. Janúar 2014).

Hér vilja allir búa – sko unga fólkið vill vera hérna (Viðmælandi 10).

En það eru um margir sem þykir vænt um Borgarfjörð og væru alveg til í að vera hérna (Rýnihópaviðtal 2).

Þetta er búið að vera mjög brothætt samfélag síðustu ár. Og ég hef verið, þú veist, mjög hrædd um að við lentum niður fyrir þau mörk að það bara að ráða við að, að gera það sem þarf að gera hérna á sumrin. En ég er miklu bjartsýnni núna. Maður smitast hérna af bjartsýni þessa unga fólks sem er að byggja upp og sérstaklega núna eins og með þessum félagsskap, þessu framfarafélagi, og, jú bara, ég bara held að, ég trúi því að við séum bara komin yfir hættu. Það sé, það versta sé að baki. Að það verði meira kannski líka stábilt og þú veist mér finnst bara svo frábært þetta unga fólk sem er að, á rætur hérna, kannski foreldrar þeirra hafa ekki, aldrei búið hérna, sem eru að koma hérna til að vinna og, bara, þetta er vel menntað fólk og mér finnst það bara, ég hef fulla trú á því að nú munum við bara vaxa (Viðmælandi 12).

Við erum komin með kaffihúsið sem var ekki. Árið '96 var ekkert opið eftir klukkan 8 á kvöldin. Þá lokaði Fjarðarborg. Og þá fyrir ungt fólk sem var hérna á staðnum, það var ekkert svona „hittings“ svona meeting point. En það sem er búið að gerast á þessum árum er að Fjarðarborg er bara með þá stefnu að hún lokar ekkert fyrr en seinasti maðurinn vill fara heim.

Sama hvaða dagur það er. Þarna hittast menn og svo er komin þessi ferðaþjónusta og það er staff og það vill gera eitthvað. Það vill skemmta sér og hittast og spjalla og svoleiðis. Þannig að það er á hverju kvöldi iðandi mannlíf ungs fólks í Fjarðarborg. Og mestmegnis fólk sem er að vinna í ferðaþjónustunni. ... Þetta hefur rosalega mikið að gera með sjálfsmynd Borgfirðinga. Að einhvernvegin sko, þegar ég er í menntaskólanum ... maður skammaðist sín fyrir að vera frá krummaskuði úti í rassgati, alheimsins sko. Maður sagðist oft vera frá Egilstöðum. Frekar heldur en að vera héðan. ... Þannig að ég veit ekki, ég myndi halda að svona sjálfsmynd ungra Borgfirðinga hafi styrkst rosalega mikið í gegnum þetta. ... Ég meina við vorum náttúrulega, vorum að stofna í seinustu viku Framfarafélag Borgarfjarðar. Ég meina við erum með helling af fólki sem er tilbúið bara að koma ef það fær íbúð (Viðmælandi 2).

Ef einhver segir þér stöðugt að þú búir í krummaskuði þá ferðu kannski að trúá því. ... Ég held að Bræðslan hafi haft talsvert um það að segja að breyta svona ákveðinni ímynd staðarins og það smitar alls staðar út frá sér. Og við erum, við njótum þess núna að við þykjum bara vera asskoti dugleg og framsækin. ... Ég held að svona þessi jákvæðni og þessi ofboðslegi kraftur og stemming sem er í kringum Bræðsluna hafi hjálpað alveg rosalega mikið til þess að snúa við svona kannski eða kveikja hjá mönnum áhuga. Ég skal ekki segja um það að hlutirnir hefðu ekki þróast svona án Bræðslunnar, maður getur aldrei sagt til um það en ég held að þessi andi sem að ríkir í kringum þetta, ekki síst hjá unga fólkinu og fullorðna fólkið hrífst með náttúrulega líka – að það hefur haft rosalega mikið að segja (Viðmælandi 10).

- Og þegar ég var unglingur og lengur, þá var alltaf talað um hvað Borgarfjörður væri afskekkt. En það er nú alveg hætt að minnst á það (Rýnihópaviðtal 1).

En sem kemur líka að öðru sem er náttúrulega sem er svolítið þessi samfélagslega þróun. Að hérna, að, í rauninni að fá unga fólkið heim. Og fá þá unga fólkið til að þjálfast í þeim störfum sem eru að byggjast upp. Það eru í rauninni svolíttill galdur í því. Það var hérna fyrir 10 dögum síðan stofnað Framfarafélag Borgarfjarðar. Af því að hér gerist allt á sumrin. Og þar var kosinn formaður og þannig að það er okkar verkefni núna að höndla þetta Framfarafélag og höndla þennan kraft sem, jú, er að nokkru leiti kominn upp í gegnum þá bjartsýni sem Bræðslan byggir á. Þar að segja, Bræðslan byggir á bjartsýni og bjartsýni byggir á Bræðslunni (Viðmælandi 13).

Já, ég er alveg viss um að Bræðslan hefur stóran, mikil áhrif á það ... að unga fólkið vill koma hérna og flytja heim eftir skóla. Já og ég hugsa sko að það er búin að myndast svo mikil stemming í kringum sumarið og Bræðsluna og... að ég hugsa sko að, ég er alveg viss um að það hefur örugglega átt þátt í því að þau eru svona með hugann heim. Það er, ég held að þetta sé alveg, þetta er bara búin að rífa þetta upp (Viðmælandi 5).

Já, þeim finnst gaman að vinna saman. Það er svona verið að vinna, fólk er að finna sér vettvang til að þú veist, skapa sér vinnu og oft er skortur á að fólk vilji koma til baka. En hér vilja allir koma til baka (Viðmælandi 4).

Það er bara mikill áhugi núna, það er þetta unga fólk okkar hérna sem er svona milli tvítugs og þrítugs. Það heldur voða mikið saman. Og er mikil svona, þau standa voða mikið saman krakkarnir. Hittast til dæmis bara næstum því á hverju kvöldi hérna uppi í Fjarðarborg og það er heilmikil svona áhugi hjá þeim í því að reyna sem sagt að koma einhverju upp þannig að þau geti gert. Búa sér til einhvern verkefni svo þau geti til dæmis sest hérna að (Viðmælandi 9).

En það er gríðarlega mikið rætt um þetta, fólk vill vera heima. Það metur fjörðinn það mikið að það vill vera þarna, það vill ekki flytja. ... Í sumar var stofnað framfarafélag Borgarfjarðar þar sem verið er að sækja fram í atvinnumálum, í íbúamálum, internetmálum og öllu þessu til þess að bæta möguleikana á að búa heima (Viðmælandi 1).

Það var verið að stofna hérna framfarafélag í síðustu viku. Það er bara hópur ungs fólks sem býr við það núna að það getur unnið í fjarvinnslu og sem vill bara koma og búa hér. Og þetta félag ætlar sér að reyna að vinna eitthvað í því. Ég hugsa að hluta til sé þetta vegna þess að þetta unga fólk hefur fengið tækifæri til þess að koma og vinna á hótelum hérna á sumrin. ... Ég er miklu bjartsýnni núna, maður smitast af bjartsýni þessa unga fólks sem er að byggja upp og sérstaklega núna með þessum félagsskap, þessu framfarafélagi, jú ég bara, ég trúir því að við séum komin yfir, það versta sé að baki (Viðmælandi 12).

Nú bara er hérna, kemur unga fólkið sem er í skólunum það getur bara unnið við þetta allt sumarið. ... Ég er bjartsýnni núna heldur en ég var fyrir þrem, fjórum árum (Viðmælandi 11).

Síðustu sumur eru bara búin að vera alveg fáránleg sko, það er algjört rugl hvað það er mikið um að vera hérna. Það er aðeins þannig sko (Rýnihópaviðtal 2).



## 6.1 Nýr söguþráður?

Sumarið 2013 einkenndist af mikill bjartsýni og trú á framtíðina á Borgarfirði enda framfarafélag nýstofnað og þátttaka ungs fólks áberandi. Veturinn á eftir reyndist þungur í skauti og deyfð var yfir framfarafélaginu og ákveðið bakslag komið í bjartsýnistóninn. Þetta kom skýrt fram í rýnihópaviðtölunum sem tekin voru sumarið 2014, ári eftir að framfarafélagið var stofnað. Sagan er þannig alltaf í mótun og sumarið 2014 bættist nýr þráður við frásögnina. Þessi þráður er nokkurs konar sögulok að því leyti að hann felur sterkt í sér tilfinninguna um tímamót eða krossgötur sem blasa við íbúum Borgarfjarðar eystri. Áskorunin sem við blasir er hvernig unnið verður með þá jákvæðni og bjartsýni sem leiddi til stofnunar framfarafélagsins – hvernig á að stíga skrefið? Við því er ekkert einfalt svar en sú staðreynd að flippaðar hugmyndir hafa virkað virðist skipta máli.

### *Að hrökkva eða stökkva*

Það er voðalegt að hafa ekki getað virkjað hana [bjartsýnina], þetta var ungt fólk og einhvern veginn finnst mér það svona hafa dalað en það kemur kannski aftur. ... Þetta var svona grúppa, já svona tíu krakkar kannski og virtust afskaplega bjartsýn og það var nú að, það mælti nú með því að reyna að virkja þessa bjartsýni (Rýnihópaviðtal 1).

Það var einhver svakalegur hugur að koma þessu [framfarafélaginu] af stað sko en svo datt þetta gjörsamlega niður. Veturinn var, hann var rosalega erfiður sko, bara atvinnulega séð sko, ekkert að gera hérna í fiski eða annað. Það unga fólk sem að var hérna áfram eftir sumarið síðasta sumar og ætlaði að vinna, það bara hrökklaðist í burtu (Rýnihópaviðtal 1)

Þú veist sumarið í fyrra var alveg geggjað, þú veist þetta var flott sumar núna en sumarið í fyrra var sturlað og þá fórum við öll og þar á meðal ég á svona hálfpartinn má kannski orða það svona bjartsýnisfyllerí. Og við stofnum framfarafélagið og Kastljóspátturinn og við ætlum að gera ógeðslega margt. Svo kemur svona, svo virðist koma einhver svona þröskuldur sem okkur gengur illa að fara yfir – að gera eitthvað sko. Láta verða af því. Þá fer maður kannski meira svona inn í bjartsýnisþynnkuna sko. Þá kemur hún í janúar febrúar og þá dettur allt einhvern veginn niður (Rýnihópaviðtal 2).

Já, ég held að það sé eða þú veist, mér finnst það svolítið langsótt að kenna bara atvinnuástandinu um, einhvern veginn bara þora ekki að taka þetta skref og finnst það fráleitt að byggja sjálfir sko. Það var mikil umræða um það í kringum stofnunina hjá framfarafélaginu, þannig að bara bretta upp ermar og byggja sjálfir. Það er náttúrlega mikið mikið ódýrara og mjög ódýrt að byggja hér, þó að aðföngin séu dýr, eða þú veist, þú getur alveg, eða þú færð lánuð verkfæri hjá hverjum sem er til dæmis, og bara fólk er tilbúið til að hjálpa til ... En þá einhvern veginn enginn þorað að taka þetta skref (Rýnihópaviðtal 1).

Það er í rauninni ákveðinn lærdómur, að allt er hægt sko.... Það þarf ekkert að setja nein, það þarf ekki að setja nein mörk á það sem þú ætlar að gera. Þú þarft ekki að setja nein stærðarmörk eða annað slíkt á það sem þú ert að gera ef þú veist hvað þú hvað þú ert að gera ... Og við erum í rauninni búin að sanna það svo oft að ef að mannauðurinn er fylginn sér með góða hugmynd þá er engin fyrirstaða (Viðmælandi 13).

En þar sem að þetta hefur verið svona að hrökkva eða stökkva núna síðustu ár, það virðist hafa gengið: þú veist hérna er komið spa í frystihúsið, hérna er komið *Já sæ!!!* sem sprengir út af sér alla skala á sumrin og ... kaffihús sem var byggt upp í gömlu steinsmiðjunni hérna um árið, nýbúið að stækka það, tekur rúmlega 100 manns í sæti þannig að það kannski fær mann til þess að halda það að flippaðar hugmyndir virki hérna ... ég, maður verður að prófa að gera eitthvað næstu fimm árin lágmark, þá verður maður að prófa að hrökkva eða stökkva. Það er bara lágmarksskylda manns ef maður er að þykjast vilja gera eitthvað hérna (Rýnihópaviðtal 2).



Mynd 4 Tónlistarmaðurinn Jónas Sig. Ljósm. Aldís Fjóla Ásgeirsdóttir.

## 7. UMRÆÐUR

*Hér vil ég vera hér á ég heima  
En tækifærin burtu bara streyma  
Það er ekkert rangt við það að dreyma  
Að þorpið mitt það hjarni við  
(Bubbi Morthens, 2012).*

Ofangreind orð Bubba Morthens ríma ágætlega við tilfinningar viðmælanda minna en öfugt við mælandann í þessu ljóði þá er það upplifun viðmælanda að tækifærin séu til staðar, sum hafa verið höndluð en önnur eru enn óbeisluð. Hér hefur tónlistarhátíðin Bræðslan klárlega leikið stórt hlutverk, hún er án efa ákveðið hreyfiafl sem hefur beint og óbeint leyst úr læðingi ákveðinn sköpunarkraft og bjartsýni. En allt er öðru háð og staðir eru sífellt í mótun vegna samspils við athafnir fólks og tengsla þess við hluti og umhverfi; menningu og náttúru (Massey, 2005; Roe, 2013). Það er ljóst að Bræðslan er ekki sprottin upp úr tómarúmi heldur er hún afurð samfélags sem hefur þegar tekist á við breytta tíma og nýja atvinnuhætti. Þar ber hæst stofnun steiniðjunnar Álfasteins og frumkvöðlastarf Helga Ásgrímssonar. Margir viðmælanda töluðu um hans verk og sýn, og það var stundum eins og mönnum fyndist þeir vera svolítið að halda hans kyndli á lofti. Kannski sýnir þetta mikilvægi sterkra einstaklinga sem ná að framkvæma og hrinda hlutum í verk í svona litlu sveitarfélagi. Í frásögnum viðmælanda birtist hann sem nokkurs konar guðfaðir ferðaþjónustunnar á Borgarfirði eystri og þeirrar hugmyndafræði sem menn vilja vinna eftir. Um sumt má kalla þessar frásagnir nokkurs konar upprunasögu Bræðslunnar. Inn í hana fléttast svo krafa Emiliönu um óhefðbundinn tónleikavettvang sem endaði með að drasli var sópað út úr löngu aflagðri bræðslu og hún dubbuð upp fyrir tónleikahald. Með þessari upprunasögu er Bræðslan rækilega staðsett í samfélagi sem er að takast á við breytingar, bæði óápreifanlega (frumkvöðlaandinn) og ápreifanlega (aflagt atvinnuhúsnæði). Auk upprunasögunnar er mikil áhersla á það sem kalla mætti framkvæmdasögu sem snýst fyrst og fremst um það hvernig er staðið að stórum viðburði í litlu samfélagi. Og þar eru ekki bara menn og samfélag að verki heldur leika veðurguðir og lukkudísir nokkuð stór hlutverk. Að lokum er það árangurssagan sem spilar stóran sess í frásögnum allra viðmælanda, ekki síst hvað varðar ímynd Borgarfjarðar eystri og jákvæðni ungs fólks.

Það er áberandi hversu samhljóða menn eru í frásögn sinni, svo samhljóða á köflum að engu er líkara en að um handrit sé að ræða. Sagan sem sprettur fram þegar rýnt er í viðtölin er nokkurn veginn á þessa leið:

Frumkvöðlar í ferðaþjónustu ruðu brautina og urðu fyrirmynd að nýsköpun næstu kynslóðar á Borgarfirði eystri. Þetta byrjaði allt með Helga í Álfasteini og uppbyggingu gönguferðaþjónustu sem hann og aðrir frumkvöðlar stóðu fyrir. Hátíðin Álfaborgarséns hafði líka verið um verslunarmannahelgi um árlabil. Svo kom Bræðslan sem varð til vegna þess að Emiliana Torrini vildi óvenjulegan vettvang fyrir tónleikahald sitt. Það kvöld varð til einhver galdur og hann er enn að verki. Bræðslugaldur. Gestum um Bræðsluhelgina fjölgar stöðugt og það er álag fyrir lítinn bæ. Gott veður hefur hjálpað mikið til, það hefur ekki klikkað öll þessi ár en samsetning gesta skiptir líka miklu máli, Bræðslan er ekki unglíngahátíð. Bræðslan hefur gerbreytt ímynd Borgarfjarðar, hann er ekki lengur afskekkt krummaskuð sem enginn veit af. Það er mikil stemming í kringum Bræðsluna sem hefur dregið til sín ungt fólk sem hefur sýnt mikinn áhuga á búsetu og það hefur skapað væntingar fyrir framtíðina. Velgengni Bræðslunnar og sú jákvæða athygli sem henni hefur fylgt hefur fært fólki aukið sjálfstraust og um leið trú á framtíð Borgarfjarðar eystri.

Í anda narratífrar greiningar er viðeigandi að spyrja af hverju er sagan á þennan veg (Smith og Weed, 2007). Um sumt má segja að viðmælendum mínum hafi verið í mun að sannfæra mig, vera vissir um að ég áttaði mig á því hversu vel heppnuð Bræðslan væri. Að því leyti móta spurningar mínar um Bræðsluna frásagnir fólks. Salmon og Riessman (2013) leggja raunar á það áherslu að frásögn sem skapast í viðtali verður ekki slitin úr samhengi við stund og stað. Þannig geta rannsóknaráherslur mínar og áhugi, haft áhrif á viðmælendur mína en hið félags- og menningarlega umhverfi Bræðslunnar hefur ekki síður áhrif. Með öðrum orðum, Bræðslan er hátíð sem haldin er í byggðarlagi sem á undir högg að sækja líkt og margar jaðarbyggðir á Íslandi og það mótar augljóslega þær áherslur sem koma fram í frásögnum viðmælenda. Þannig leggja frásagnir fólks áherslu á þátt Bræðslunnar í að endurskilgreinina jaðarstöðu Borgarfjarðar – ímyndin er ekki lengur tengd samfélagi stöðnunar víðsfjarri hinni kraumandi miðju. Bræðslusagan dregur fram sköpunarkraft, frumkvæði og þá mynd að borgfirskt samfélag sé dýnamískt, áhugavert og spennandi. Í því er aðgerðarmáttur Bræðslu narratífunnar fyrst og fremst fólgin. Því má segja að Bræðslan geti að mörgu leyti verið sú ylrækt sem Edward Huijbens o.fl. (2014) kalla eftir í íslenskri ferðaþjónustu. Sú jákvæða ímynd sem loðað hefur við hana frá upphafi hefur orðið að mikilvægri næringu eða áburði sem stuðlar að frjósömum jarðveg til frekari sköpunar - svo ylræktar líkingunni sé nú haldið til

haga. En líkt og Jaeger og Mykletun (2013) komust að í rannsókn á þætti viðburða í að snúa við byggðapróun í Norður Noregi þá er bendir fátt til þess að Bræðslan hafi snúið við neikvæðri byggðapróun á Borgarfirði eystri. Unga fólkið sem viðmælendur mínir binda svo miklar vonir við hefur ekki skilað sér sem raunverulegir íbúar. Ljóst er þó að hin jákvæða athygli hefur bæði eflt félagsauð samfélagsins og styrkt staðarkennd íbúa jafnt sem brottfluttra (e. *sense of place*).

Samfélagsáhrif Bræðslunnar eru því ekki síst fólgin í því að hún hefur sameinað íbúa í frásögn sem undirstrikar möguleikann til breytinga, möguleikann til vel heppnaðrar uppbyggingar. Clandinin og Connelly (2000) hafa einmitt lagt áherslu á að stundarveruleiki (e. *temporality*) sé lykilhugtak í narratífri nálgun sem vísar til þess að hver atburður sé vitnisburður um eitthvað sem taki tíma, eigi sér fortíð, nútíð og feli í sér ákveðna vísun til framtíðar. En narratífan af Bræðslunni undirstrikar líka að það er engin tilviljun að Bræðslan er vel heppnaður viðburður. Áhersla á stemmingu, stjórnun og sköpunargleði eru áberandi þemu í frásögnum viðmælanda í þessari rannsókn. Tónlistarhátíðin Bræðslan byggir á viðhorfi og athöfnum sem endurspegla getu samfélagsins til þess að takast á við breytingar – vera virkur gerandi en ekki fórnarlamb aðstæðna. Hún er þannig farvegur valdeflandi frásagna.

## 8. LOKAORÐ

*Sum okkar skapa í kringum sig aðstæður og jafnvel fólk ... (Guðmundur Andri Thorsson, 2015, bls. 122).*

Saga Borgarfjarðar eystri er saga dreifðra byggða um allan heim. Þetta er saga um lítið samfélag sem hefur um aldir átt allt sitt undir nálægð við fengsæl fiskimið og grösuga haga. Innleiðing kvótakerfis í landbúnaði og fiskveiðum rauf þessa sögu og íbúum fækkaði. En þetta er líka saga um það hvernig framsýnt fólk tók hlutina í sínar hendur og hóf uppbyggingu á nýrri atvinnugrein – ferðaþjónustu. Í kjölfarið fengu fólk, byggingar og auðlindir nýtt hlutverk – nýtt líf. Grónar kindagötur um fjöll og víkur hafa nýtt hlutverk í gönguferðaþjónustu, í frystihúsinu er hægt að fara í spa og gista, útgerðarmaður rekur kaffihús og fiskimjölbræðsla er tónleikahús. Í gegnum þá sögu sem viðmælendur á Borgarfirði eystri segja má skynja hvernig tónlistarviðburður sem haldinn er eina kvöldstund í júlí á hverju ári er rækilega samtvinnaður við varnarbaráttu dreifbýlisins. Þannig felur Bræðslan í sér mikið meira heldur en afþreyingu og skemmtun og hún felur í sér annað og meira en viðskipti og umræðu um framboð og eftirspurn, ágóða og orðspor. Fyrst og síðast felur hún í sér væntingar um framtíð. Von. Vonin ein nægir að sjálfsögðu ekki til þess að snúa við byggðapróun og það er raunar verðugt verkefni að rannsaka nánar hvernig stjórnvöld, íbúar og fyrirtæki geta virkjað þessa von til raunverulegrar eflingar brothætts samfélags á borð við Borgarfjörð eystri. Í því samhengi þarf einnig að taka til rækilegrar endurskoðunar hvað raunverulega felst í lífvænlegum samfélögum jaðarbyggða.

Lokaorðin eru Magna:

*Við erum svona rosalega skemmtileg (hlær), ég veit það ekki, þetta er 130 manna bær, furðulegt hvað við erum mörg stundum. ... Við eigum þennan fjörð, við eigum heima þarna þótt við búum ekki þarna þá eigum við samt heima þarna (Magni Ásgeirsson, viðtal 14. janúar 2014).*



Mynd 5, „Bræðslubræðurnir“ Áskell Heiðar og Magni Ásgeirssonir ásamt börnum. Ljós. Aldís Fjóla Ásgeirsdóttir.

## 9. HEIMILDASKRÁ

- Anna María Jónsdóttir (2013). *Flytur trúin fjöll? Frásagnir fimm nemenda af skólagöngu á unglíngastigi grunnskóla og í framhaldsskóla*. Mastersritgerð við Háskólann á Akureyri. Sótt af <http://skemman.is/stream/get/1946/15375/36979/1/>
- Áskell Heiðar Ásgeirsson (2014). *Hamingjan er hér, samfélagsleg áhrif Bræðslunnar á Borgarfirði eystri*. Óprentuð MA ritgerð við Háskólann á Hólum. Sótt af <http://skemman.is/handle/1946/19959>
- Ásta Þorleifsdóttir (2011). Dyrfjöll – jarðminjagarður. *Glettingur*, 55 (1-2). Sótt af <http://www.glettingur.is/dyrfjoell-jaremynjagareur>
- Ásta Þorleifsdóttir, Arngrímur Viðar Ásgeirsson og Rannveig Þórhallsdóttir (2011). Ritstjórnin: Víkur, fjöll og firðir. Tileinkað minningu Helga M. Arngrímssonar. *Glettingur*, 55 (1-2). Sótt af <http://www.glettingur.is/dyrfjoell-jaremynjagareur>
- Bamberg, M. (2012). Why narrative? *Narrative Inquiry*, 22 (1), 202-210.
- Bell, J. S. (2002). Narrative Inquiry: More Than Just Telling Stories. *Tesol quarterly*, 36(2), 207- 213.
- Bruner, J. (2004). Life as narrative. *Social Research*, 71(3), 691-704.
- Bræðslan (e.d.). *Sagan á bakvið Bræðsluna*. Sótt af <http://www.braedslan.com/#!sagan/c1hlx>
- Bræðslan (2014). *Bræðsluvikan*. [Bæklingur]. Borgarfjörður eystri: Bræðslan.
- Bubbi Morthens (2012). Þorpið. *Þorpið* [CD]. Reykjavík: Sena.
- Byggðastofnun (e.d.a). *Byggðaaætlun 2014-2017*. Sótt af <http://www.byggdastofnun.is/is/verkefni/byggdaaetlun/byggdaaetlun-2014-2017>
- Byggðastofnun (e.d.b). *Framtíð fyrir brothættar byggðir*. Sótt af <http://www.byggdastofnun.is/is/brothaettar-byggdir/framtid-fyrir-brothaettar-byggdir>
- Byggðastofnun (2010). *Bræðslan hlaut Eyrarrósina 2010*. Sótt af <http://www.byggdastofnun.is/is/frettir/braedslan-hlaut-eyrarrosina-2010>
- Clandinin, D. J. og Connelly, F. M. (2000). *Narrative Inquiry: Experience and Story in Qualitative Research*. San Francisco: Jossey-Bass.
- Connelly, F. M. og Clandinin, J. (1990). Stories of Experience and Narrative Inquiry. *Educational Researcher*, 19 (5), 2-14.
- Cresswell, T. (2002). Introduction. theorizing place. Í G. Verstraete og T. Cresswell (ritstj.) *Mobilizing place, placing mobility. The politics of representation in a globalized world*, (bls. 11-31). New York: Rodopi.

- De Bres, K. og Davis, J. (2001). Celebrating group and place identity: a case study of a new regional festival. *Tourism Geographies*, 3, 326-337.
- Derrett, R. (2003). Making sense of how festivals demonstrate a community's sense of place. *Event Management*, 8, 49-58.
- Dixon, J. og Durrheim, K. (2000). Displacing place-identity: A discursive approach to locating self and other. *British Journal of Social Psychology*, 39, 27-44.
- Edward H. Hujibens (2010). *Ferðafólk og Geótúrismi í nágrenni Dyrfjalla*. Akureyri: Rannsóknarmiðstöð ferðamála.
- Edward H. Hujibens, Gunnar Þór Jóhannesson og Björn Þorsteinsson (2014). Ylrækt rísómatískra sprota: Ferðaþjónusta í nýju ljósi. *Ritið*, 14(2), 205-228.
- Eugenio-Vela, J. S., and Barniol-Carcasona, M. (2015). The relationship between rural branding and local development. A case study in the Catalonia's countryside: *Territoris Serens* (El Lluçanès). *Journal of Rural Studies*, 37, 108-119.
- Ferðamálahópur Borgarfjarðar eystri. Heimasíða ferðamálahóps Borgarfjarðar. Sótt af <http://www.borgarfjordureystri.is/heim>
- Fløysand, A. og Jakobsen, S-E. (2007). Commodification of rural places: A narrative of social fields, rural development, and football. *Journal of Rural Studies*, 23, 206-221.
- Frank, A. W. (2010). *Letting Stories Breathe: A Socio-Narratology*. Chicago: The University of Chicago Press.
- George, E. W., Mair, H. og Reid, D.G. (2009). *Rural Tourism Development: Localism and Cultural Change*. Bristol: Channel View Publications.
- Getz, D. (2008). Event tourism: Definition, evolution, and research. *Tourism Management*, 29, 403-428.
- Granås, B. (2014). The Powers of Destination. Í A. Viken og B. Granås (ritstj.) *Tourism Destination Development: Turns and Tactics*, (bls. 79-92). Farnham: Ashgate.
- Guðmundur Andri Thorsson (2015). *Og svo tjöllum við okkur í rallið: Bókin um Thor*. Reykjavík: JPV útgáfa.
- Guðrún Þóra Gunnarsdóttir (2012). Ferðaþjónusta og byggðarþróun. Í Sigríður Þorgrímsdóttir (ritstj.) *Samfélag, atvinnulíf og íbúðarþróun í byggðarlögum með langvarandi fólksfækkun* [skýrsla], (bls. 233-234). Sauðárkrúkur: Byggðastofnun. Sótt af [http://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Samfelag/Samfelag\\_atvinnulif\\_og\\_ibuathroun\\_skyrslan\\_i\\_heild.pdf](http://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Samfelag/Samfelag_atvinnulif_og_ibuathroun_skyrslan_i_heild.pdf)
- Guðrún Þóra Gunnarsdóttir (2013). *The Entangled Web: Tourism, place and identity* [skýrsla]. Akureyri: Rannsóknarmiðstöð ferðamála. Sótt af [http://www.rmfi.is/files/pdf/skyrslur/2013/The\\_Entangled\\_Web.pdf](http://www.rmfi.is/files/pdf/skyrslur/2013/The_Entangled_Web.pdf)



- Gunnar Gunnarsson (2015). Vegurinn til Borgarfjarðar ónýtur: Kann ekki nógu mikið af lýsingarorðum. *Austurfrétt*, 21. Júlí. Sótt af <http://www.austurfrett.is/frettir/3707-vegurinn-til-borgarfjardar-onytur-kann-ekki-nogu-mikid-af-lysingarordum>
- Gunnar Þór Jóhannesson (2012). Tími til að tengja? Af stefnumótun í ferðaþjónustu á Íslandi. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 8(1), 173-193.
- Hafþór Snjólfrur Helgason (2013). Blaðamannafundur Bræðslunnar. Sótt af <http://www.borgarfjordureystri.is/heim/moya/news/bladamannafundur-braedslunnar/>
- Hagstofa Íslands (2015<sub>a</sub>). Byggðir: Talnaefni. Sótt af: <https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/mannfjoldi/byggdir/>
- Hagstofa Íslands (2015<sub>b</sub>). Mannfjöldi eftir sveitarfélögum 1. desember 1990-2004 – Endanlegar. Sótt af [http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar\\_\\_mannfjoldi\\_\\_2\\_byggdir\\_\\_sveitarfel ogeldra/MAN02009.px/](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__2_byggdir__sveitarfel ogeldra/MAN02009.px/)
- Halfacree, K. (2014). A critical response to the (non-) place of rural leisure users within the counterurban imagination. *Pasos*, 12(3), 515-523.
- Helgi Snær Sigurðsson (2012, 8. ágúst). Lærdómsríkt og þroskandi tónleikamaráðun. *Morgunblaðið*, Sótt af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1431904/>
- Hyvärinen, M. (2010). Revisiting the Narrative Turns. *Life Writing* 7(1), 69 — 82.
- Inga Jóna Jónsdóttir (2014). Hvað skiptir máli fyrir árangursríka stjórnun nýsköpunar í opinberri þjónustustarfsemi? *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 10(1), 51-76.
- Jafari, J. (2007). Entry into a new field of Study: Leaving a Footprint. In D. Nash (ed.) *The Study of Tourism: Anthropological and Sociological Beginnings*, (bls. 108-121). Oxford: Elsevier.
- Jaeger, K. og Mykletun, R. J. (2013). Festivals, Identities, and Belonging. *Event Management*, 17, 213-226.
- Kim, J. H. (2008). A Romance with Narrative Inquiry: Toward an Act of Narrative Theorizing. *Curriculum and Teaching Dialogue*, 10(1 &2), 251-267.
- Kristjana Björnsdóttir (2005). Viðtal mánaðarins: Verðum að vera hluti af umferðinni. *Sveitarstjórnarmál*, 65(5), bls. 27- 29.
- Lane, B. og Kastenholz, E. (2015). Rural tourism: the evolution of practice and research approaches – towards a new generation concept? *Journal of Sustainable Tourism*, 23(8 & 9), 1133-1156.
- Lilja M. Jónsdóttir (2007). Narratífa sem rannsóknaraðferð í menntarannsóknum. Í Gunnar Þór Jóhannesson (ritstjóri) *Rannsóknir í félagsvísindum VIII – Félagsvísindadeild*, (bls. 737-747). Reykjavík: Félagsvísindadeild Háskóla Íslands.

- Lilja M. Jónsdóttir. (2012). Það er náttúrulega ekki hægt að kenna manni allt. Viðhorf byrjenda í grunnskólakennslu til kennaranáms síns. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/vidhorf-byrjenda-i-grunnskolakennslu-til-kennaranams>
- MacLeod, N. E. (2006). The Placeless Festival: Identity and Place in the Post-Modern Festival. Í D. Picard og M. Robinson (ritstj.) *Festivals, Tourism and Social Change: Remaking Worlds*, (bls. 222-237). Clevedon: Channel View Publications.
- Massey, D. (2005). *For Space*. London: Sage.
- Menningarhátíð haldin um helgina á Borgarfirði eystri: Þakka þér fyrir að ég kom. (2005, 21. júlí). *Morgunblaðið*, bls. 17.
- Prýðisveður á Bræðslunni. (2014, 26. júlí). *Morgunblaðið*. Sótt af [http://www.mbl.is/frettir/innlent/2014/07/26/prydisvedur\\_a\\_braedslunni/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2014/07/26/prydisvedur_a_braedslunni/)
- Moscardo, G. (2007). Analyzing the Role of Festivals and Events in Regional Development. *Event Management*, 11, 23-32.
- Pétur Gunnarsson (2014). *Veraldarsaga mín: ævisaga hugmynda*. Reykjavík: JPV útgáfa.
- Picard, D. og Robinson, M. (2006). Remaking Worlds: Festivals, Tourism and Change. Í D. Picard og M. Robinson (ritstj.), *Festivals, Tourism and Social Change: Remaking Worlds*, (bls. 1-31.) Clevedon: Channel View Publications.
- Quinn, B. (2009). Festivals, Events, and Tourism. Í T. Jamal og M. Robinson (ritstj.) *The SAGE Handbook of Tourism Studies*, (bls. 483-503). London: Sage.
- Ragna Sara Jónsdóttir (1999, 30. maí). Álfasteinar í Borgarfirði. *Morgunblaðið*, bls. 4C.
- Reid, S. (2007). Identifying Social Consequences of Rural Events. *Event Management*, 11, 89-98.
- Riessman, C.K. (2008). *Narrative Methods for the Human Sciences*. London: Sage.
- Roe, M. (2013). Themed Issue: Place. Editorial note, *Landscape Research*, 38(2), 159-159.
- Salmon, P. og Riessman, C. K. (2013). Looking back on narrative research: An exchange. Í M. Andrews, C. Squire og M. Tamboukou (ritstj.), *Doing Narrative Research*, (bls. 197-204). London: Sage.
- Sirakaya, E., Sonmez, S. F. og Choi, H-S. (2001). Do destination images really matter? Predicting destination choices of student travellers. *Journal of Vacation Marketing*, 7, 125-142.
- Smith, B. (2007). The state of the art in narrative inquiry: Some reflections. *Narrative Inquiry*, 17(2), 391–398.

- Smith, B. og Sparkes, A. C. (2006). Narrative inquiry in psychology: exploring the tensions within. *Qualitative Research in Psychology*, 3, 169-192.
- Smith, B. og Weed, M. (2007). The Potential of Narrative Research in Sports Tourism. *Journal of Sport and Tourism*, 12(3-4), 249-269).
- Squire, C., Andrews, M. og Tamboukou, M. (2013). Introduction: What is narrative research. Í C. Scuire, M. Andrews og M. Tamboukou (ritstj.), *Doing Narrative Research*, (bls. 1-26). London: Sage.
- Tasci, A. D. A. og Gartner, W. C. (2007). Destination Image and Its Functional Relationships. *Journal of Travel Research*, 45, 413-425.
- Taylor, S. (2010). *Narratives of Identity and Place*. London: Routledge.
- Wilson, E. og Hollinshead, K. (2015). Qualitative tourism research: Opportunites in the emergent soft sciences. *Annals of Tourism Research*, 54, 30-47.
- Winchester, H. P. M. og Rofe, M. W. (2005). Christmas in the 'Valley of Praise': Intersections of the rural idyll heritage and community in Lobethal, South Australia. *Journal of Rural Studies*, 21, 265-279.
- Yuval-Davis, N. (2011). *The Politics of Belonging: Intersectional Contestations*. London: Sage.
- Þóroddur Bjarnason, Kjartan Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson (2010). Búsetuþróun í Fjallabyggð 1929-2009. Í Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson (ritstj.) *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng*, (bls. 50-57). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Þórunn Jarla Valdimarsdóttir. (2015). *Stúlka með höfuð – sjálfsævisaga*. Reykjavík: JPV útgáfa.



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ  
FERÐAMÁLA

*Maí 2016*